

Guðný Zoëga

# Keldudalur í Hegranesi Fornleifarannsóknir 2002-2003



2013

Byggðasafn Skagfirðinga

BSk 2013/135



© Guðný Zoëga/Byggðasafn Skagfirðinga


# Efnisyfirlit

<b>Inngangur .....</b>	<b>1</b>
<b>Rannsókn 2002 .....</b>	<b>4</b>
<b>Rannsóknir 2003 .....</b>	<b>6</b>
Fasi I - Kumlateigur .....	6
Fasi II - Kirkja og kirkjugarður .....	11
Fasi I – Skáli .....	21
<b>Gripir .....</b>	<b>25</b>
Kumlateigur .....	25
Kirkjugarður og skáli .....	26
Aðrar rannsóknir í Keldudal .....	28
<b>Greiningar .....</b>	<b>28</b>
Greining gjóskulaga .....	29
AMS aldursgreiningar og ísótópagegreiningar .....	29
DNA greiningar .....	31
Dýrabeinagreiningar .....	32
Greiningar á járni úr smiðju .....	33
Viðargreiningar .....	33
Stontíumgreiningar .....	34
Mannabeinagreiningar .....	35
<b>Umfjöllun og samantekt.....</b>	<b>36</b>
<b>Niðurlag.....</b>	<b>39</b>
<b>Heimildir .....</b>	<b>40</b>

## Inngangur

Bærinn Keldudalur liggur vestan til í Hegranesi, Skagafirði, um 14 km suðaustan Sauðárkrókskaupstaðar. Þann 22. ágúst 2002 tilkynnti bóndi í Keldudal Fornleifavernd ríkisins um mannabein sem komið höfðu í ljós þegar verið var að grafa grunn að nýju ferðaþjónustuhúsi á bæjarstæðinu. Engar ritaðar heimildir eru til um kirkju eða kirkjugarð í Keldudal og engir óvæntir beinafundir eða sýnilegar leifar á yfirborði gáfu ástæðu til að ætla að þar kynni grafreitur, heiðinn eða kristinn, að leynast í jörðu. Húsgrunnurinn hafði að hluta verið tekinn í gegn um bæjarhól gamla Keldudalsbæjarins og var búið að grafa á þriðja metra í gegn um hólinn þegar að komið var niður á mannabein. Bæjarhólnum hallaði hinsvegar til vesturs þannig að vestasti hluti grafreitsins lá fremur grunnt, undir grásrót. Búið var að hreinsa sléttan flót neðst í grunnum þegar menn fóru að taka eftir mannabeinum í uppmokstrinum. Var minjavörður Norðurlands vestra kallaður til og framkvæmdum frestað í framhaldi af því.<sup>1</sup>

Við fyrstu vettvangskönnun varð ljóst að þarna væri um leifar kristins grafreits að ræða og að hann væri, í það minnsta að hluta til, eldri en Heklugjóska sem féll árið 1104. Nokkrar grafir voru augljósar en óvist var hversu margar þær í raun og veru kynnu að vera. Það varð því úr að staðurinn var rannsakaður frekar dagana 23. september til 2. október. Áhersla var lögð á að kanna svæðið innan húsgrunnsins enda lá á að reisa húsið fyrir vetrarveður. Fljótelega kom í ljós að miklu fleiri grafir leyndust þarna rétt undir yfirborði en í fyrstu hafði virst. Á þessumtveimur vikum sem



Mynd 1. Mynd 2. Kort sem sýnir legu Keldudalsbæjar í Hegranesi.

uppgröfturinn stóð fundust grafir með 34 heillegum beinagrindum en nokkrar grafir og öll ummerki bygginga og kirkjugarðsveggjar hafði vélgrafan eyðilagt. Ákveðið var að halda áfram rannsóknunum árið eftir vestan hússins þar sem áætluð var jarðvegsvinna vegna lóðarinnar framan þess. Tilgangurinn var í meginatriðum að bjarga því sem eftir kynni að vera af minjum á því svæði sem kirkjugarðurinn tók til og var í mestri haettu vegna framkvæmda. Mikilvægar spurningar, sem vonast var til að hægt yrði að svara, voru nákvæmari aldursgreining á garðinum, nánari upplýsingar um fjölda og aldurssamsetningu hinna greftruðu, og hvort og hversu heillegar leifar kirkju

<sup>1</sup> Guðný Zoëga og Ragnheiður Traustadóttir, bls. 225-226.



Mynd 2. Mynd sem sýnir uppgröftinn í Keldudal undir lok hans í júlí 2003.

og/eða smiðju væri að finna í garðinum.<sup>2</sup>

Þann 17 júní 2003, þremur vikum áður en uppgröftur á Kirkjugarðinum skyldi hefjast, tilkynntu bændur í Keldudal aftur um mannabeinafund. Beinin komu upp við jarðvinnslu í túninu um 500 metrum norðan við nýfundinn kirkjugarð. Fundist hafði höfuðkúpa auk annarra, fremur illa farinna, mannabeina. Við nánari athugun á svæðinu kom í ljós að þarna var um að ræða a.m.k. þrjú ef ekki fjögur kuml úr heiðnum sið. Kumlateigurinn lá fremur grunnt á melhóli nyrst í landareign Keldudals og var hann mjög skemmdur af vélgröfunni. Það var því erfitt að ákvarða hversu margar grafir hafa verið í grafreitnum en ekki er þó óvarlegt að ætla að þær hafi verið fleiri.

Uppgröftur fór svo fram á restinni af kirkjugarðinum á sex vikna tímabili í júlí og júní. Alls voru grafnar upp 19 grafir til viðbótar en auk þess leifar kirkjugarðsveggjar, Víkingaaldar skálatóftar undir honum, kirkju og smiðju. Að lokinni rannsókn var gengið frá uppgreftrinum þannig að tyrft var yfir hann en útlínur kirkjugarðsveggjarins látnar halda sér vestan ferðaþjónustuhússins. Árin 2007 og 2009 fóru fram frekari rannsókn á fjósi og öðrum minjum á síðari alda bæjarstæði Keldudalsbæjar en hér er einungis fjallað um þær rannsóknir sem unnar voru á kirkjugarði, skála og kumlateigi.

Frekari rannsóknir fóru einnig fram á bæjarstæði Keldudalsbæjar 2007 og 2010 og komu þar upp fjósbygging frá sama tíma og skálinn og íveruhús frá

<sup>2</sup> Guðný Zoëga og Þór Hjaltalín 2003, bls. 2-3.



Mynd 3. Myndin sýnir uppgraftaraðstæður á vettvangi haustið 2002. Grafan hafði fjarlægt jarðveg ofan af gröfum í norðarnverðum kirkjugarðinum þannig að einungis voru nokkrir sentimetrar niður á sumar graffirnar. Rannsóknin var unnin í kapphlaupi við tímann þar sem að rannsóknin fór fram að hausti, dagar voru stuttir og tíð orðin rysjótt.

sama tíma og kirkjugarðurinn. Þær rannsóknir eru í úrvinnslu á vegum Hólarannsóknarinnar, og er í þessari skýrslu einungis teknar fyrir rannsóknir frá 2002-2003. Alls hafa því fimm rannsóknirnar farið fram á seinustu 11 árum Keldudal allar tilkomnar vegna bygginga- og jarðvegsframkvæmda en hver þeirra hefur við bætt nýjum kafla við sögu staðarins.

Fjölmargir komu að rannsóknunum í Keldudal 2002 og 2003, má þar telja starfsmenn Fornleifaverndar ríkisins, starfsmenn, nema og sérfræðinga á vegum Hólarannsóknarinnar og Byggðasafns Skagfirðinga auk

heimafólks í Keldudal. Rannsóknirnar voru unnar fyrir Fornleifavernd, að stærstu leyti fyrir framlag frá framangreindum aðilum auk fjárvirkks frá Menntamálaráðuneytinu til uppgraftarins og Kristniháttíðarsjóði til sértækra greininga á mannabeinum. Nú þegar hafa nokkrar skýrslur og greinar verið ritaðar um rannsóknirnar en heildarúrvinnsla gagna setið á hakanum vegna fjárvorks. Árið 2012 fékk Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga styrk úr Fornleifasjóði til að klára endanlega úrvinnslu og samantekt rannsóknanna frá 2002-3 og er þessi skýrsla afrakstur þeirrar vinnu.

## Rannsókn 2002

Minjavörður Norðurlands vestra, Þór Hjaltalín, kom á staðinn þegar tilkynnt var um beinafundinn í Keldudal. Þá mátti, í suðursniði húsgrunnsins, sjá gröf sem lá í stefnuna austur-vestur og augljóst að líkið hafði verið lagt til með höfuðið í vesturenda grafarinnar. Einnig mótaði fyrir gröfinni í botni grunnsins, út frá sniðinu, og útlínum annarrar grafar við hliðina á henni. Grafirnar virtust um 50sm djúpar og grafnar lítið eitt niður í náttúrulegt malarlag. Í slitrum á yfirborði þeirra var hvít gjóska úr Heklugosi árið 1104 sem sýnir að gjóskan hefur fallið eftir að grafirnar voru tekna. Í báðum grafanna mátti einnig greina kistuleifar. Í kristnum sið er venjan að lík liggi austur-vestur með höfuðið í vestur. Það virtist því augljós að þarna hvíldu beinagrindur manna sem uppi voru á 11. öld, en lega grafa og umbúnaður benti til að um væri að ræða kristinn frekar en heiðinn grafreit. Í framhaldi af þessari forkönnun var ákveðið að fara í frekari rannsóknir áður en að húsið yrði reist.

Rannsóknin hófst seinnipartinn í september og varði í tvær vikur. Við upphaf hennar varð ljóst að talsverðar upplýsingar höfðu farið forgörðum. Við blasti húsgrunnur sem tekinn hafði verið inn í vesturhlíð hóls, sem augljóst var að hafði verið bæjarhóll staðarins um aldir. Í austursniði grunnsins sáust hátt í 3ja metra þykk mannvistarlög, leifar torfveggja, ruslalög og önnur byggðarmerki. Þarna var grunnurinn dýpstur en gryntist eftir því sem brekkunni hallaði til vesturs. Grunnurinn var að mestu fullgrafinn þegar beinanna varði vart og í botni hans virtist vera óhreyfð náttúruleg jökulumöl. Tvær höfuðkúpur og mörg önnur bein höfðu komið upp með vélskóflunni og lágu þau á víð og dreif á bletti nyrst á framkvæmdasvæðinu. Fyrsta verkið var því að safna lausum beinum saman og



Mynd 4. Grafir tveggja karlmannna sunnarlega í garðinum (K11 til vinstri og K22 á hægri hönd Báðar grafirnar innihéldu kistur úr rekaviði).

hreinsa í framhaldi af því yfirborðið til að greina hvort einhverjar grafir sæjust í nágrenni beinanna.

Þar sem að grunnurinn virtist komin niður að náttúrulegu malarlagi höfðu menn engar sérstakar væntingar til þess að fleiri heillegar grafir fyrdu. Raunin varð þó önnur. Þegar farið var að hreinsa ofan af svæðinu kom í ljós að meiri hluti grafanna var enn á sínum stað. Þær höfðu að hluta verið grafnar niður í jökulmölina og voru stundum einungis örfáir sentímetrar niður í botn þeirra. Meiri jarðvegur lá yfir gröfum við ytri mörk grunnsins til norðurs og suðurs. Voru þar allt að 60cm niður á botn grafa. Almennt var varðveisla beina og kista með ágætum, sem fyrr segir, en vélgrafen hafði raskað sumum grafanna þannig að rótað hefur verið við einhverjum beinanna auk þess sem líklegt er að grafan hafi verið búin að fjarlægja nokkrar grafir í heild sinni. Við lok uppgraftar höfðu komið upp 35 heillegar beinagrindur, um helmingur þeirra beinagrindur barna.



Mynd 5. Frábaer varðveisla ungbarns-beinagrindar úr gröf 1. Miðað við veður og upgraftaraðstæður var beinasafnið heillegra en búast hefði mátt við.

Beinagrindurnar sem upp komu við gröftinn voru hreinsaðar næstu daga eftir vettvangsvinnuna og komið fyrir í geymslum á Hólum í Hjaltadal. Varðveisluskilyrði í kirkjugarðinum voru almennt mjög góð og varðveisla flestra

beinagrindanna var með ágætum. Sést það best á því hve margrar heillegar beinagrindur ungbarna fundust við uppröftinn. Flest líkanna höfðu verið grafin í kistum og fundust kistuleifar í sumum grafanna. Auk þess fannst í einni gröfnni ofinn klæðisbútur. Aðrir munir sem fundust voru nokkrir naglar, e.t.v. úr líkkistunum en annars virtust kisturnar fremur geirnegldar eða settar saman á annan hátt sem ekki hefur kallað á notkun járnagla.

Snið grunnsins voru teiknuð upp og flatarteikning gerð af gröfum í garðinum. Tekin voru viðarsýni úr kistum og nokkur gjóskusýni en ekki vannst tími til frekari greiningar jarðлага enda hafði grafan spilt þeim mjög. Engin merki fundust um kirkjubyggingu önnur en ein stoðarhola vestarlega á svæðinu og engin ummerki voru um kirkjugarðsvegg. Verkið var unnið í kapp við tíma og veður og því víst að ýmislegt hefði betur mátt fara í söfnun gagna.<sup>3</sup>

<sup>3</sup> Guðný Zoëga og Þór Hjaltalín 2003, bls. 2-4.



Mynd 6. Horft upp á hólinn sem kumlateigurinn lá á. Eins og sést á myndinni var búið að moka stórum hluta hólsins í burtu.

## Rannsóknir 2003

### Fasi I - Kumlateigur

Sumarið 2003 var ætlunin að hefja á ný uppgröft í kirkjugarðinum þar sem fjármagn hafði fengist frá Menntamálaráðuneytinu til að klára verkið. Ferðaþjónustuhúsið sem orðið Um miðjan júní 2003 tilkynntu bændur í Keldudal um fund kumlateigs á melhóli nyrst í Keldudalslandi. Fundist hafði höfuðkúpa og fleiri mannabein þegar verið var að fjarlægja möl úr hólnum vegna jarðvegsframkvæmda í túni sem lá umhverfis og upp á hólinn. Hluta hólsins hafði þegar verið mokað í burtu og jarðvegur hafði verið mokaður ofan af há hólnum. Við nánari athugun komu í ljós leifar þriggja grafa á yfirborði. Grafirnar hafa þó a.m.k. verið fjórar þar sem að mannabeinin virtust ekki tilheyra neinni sýnilegu grafanna.

hafði til að kirkjugarðurinn fannst hafði verið reist um veturinn. Lóð og aðkoma að húsinu að sunnan og vestan voru þó enn ófrágengin og var ætlunin að grafa upp restina af kirkjugarðinum sem þar lá. Áður en vinna hófst við það verk varð hinsvegar annar óvæntur fornleifafundur í Keldudal.

Svæðið sem grafirnar fundust á var um 20x5 m að stærð og mjög rótað. Grafirnar hafa legið rétt undir grásrót og aðeins voru um 20-30cm niður á óhreyfða jöklumöl þar sem dýpst var. Jarðvegseyðing getur að hluta útskýrt af hverju svona grunnt var niður á grafirnar en einnig kann jarðvegsvinnsla í tengslum við túngerð að eiga þar einhvern þátt. Allar grafirnar voru rótaðar, bæði af vélunum sem notaðar voru til að vinna túnið, en einnig virtist hafa verið hreyft við þeim einhvern tímann í fyrndinni. Tvær




*Mynd 7. Horft til norðurs yfir framkvæmdasvæðið. Fólkid stendur á brún gryfjunnar í hólinni á þar sem kuml 2 lá.*

grafanna virtust sæmilega heilar en eina þeirra hafði vélgrafen fjarlægt að mestu. Vera kann að fleiri grafir hafi farið forgörðum við framkvæmdirnar en ekki fundust nein merki þeirra við frekari könnun á svæðinu. Hluta hólsins hafði verið mokað í burtu og því ekki hægt að meta hvort þar kunni einnig að hafa verið grafir.


Gröfin sem hér er kölluð kuml nr. 1 var ekki eiginlegt kuml heldur einungis mannabein úr rótaðri gröf sem ekki var hægt að staðsetja með nákvæmni. Beinin komu upp í skóflu vélgröfunnar rétt um 2m austan við kuml 2. Af gröfunum þremur sem sýnilegar voru á yfirborði hefðu beinin því helst getað tilheyrt kumli 2. Það verður þó að teljast ólíklegt þar sem að jarðvegur í kumli 2 virtist ekki raskaður af völdum vélgröfunnar og engin mannabein önnur en fótabein og einn hryggjarliður fundust í jarðvegi grafarinnar. Reikna hefði mátt með fleiri eftirliggjandi beinbrotum eða smábeinum í gröfinni þrátt fyrir að meirihluta beinagrindar hafi verið mokað í burtu. Beinin hafa heldur ekki komið úr kumli 3 þar sem að í kumli 1 voru leifar tveggja heillegra sköflungsbeina en í kumli 3, sem annars var mjög illa farið, fundust einnig leifar miðhluta sköflungsbeins. Þarna er því um leifar tveggja einstaklinga að ræða.

Kuml nr. 2 var nyrst kumlanna þriggja og lá það frammi á brún um tveggja metra hás bakka sem myndast hafði við þegar nyrsta hluta hólsins var mokað í burtu. Niðurgröfturinn lá norðvestur-suðaustur og var mjög glöggur á yfirborðinu þar sem grafið hefur verið niður í jökulmölina. Um sex metrum suðaustan hans var svo annað kuml, kuml nr. 3 sem var mjög rótað og illa farið og eignleg lögun þess óglögg en þó virðist það einnig hafa legið norðaustur-suðvestur. Rétt um 11m sunnan við kuml 3 var svo fjórða kumlið og hefur það legið nánast austur-vestur. Kumli 2 virtist minnst skemmt af völdum vinnuvélanna en kuml 3 og 4 höfðu orðið fyrir nokkrum skemmdum, sérstaklega kuml 3 þar sem flestum beinum hafði verið mokað í burtu. Ef einstakir beinhlutar eru taldir er um er að ræða bein a.m.k. þriggja einstaklinga en fundaraðstæður benda



*Mynd 8. Horft til norðurs yfir kuml 2. Útlínur grafarinnar koma glöggt fram þar sem hún hefur verið grafin niður í jökulmólina.*

til að fjögurra einstaklinga. Hluti af hægri lærlegg fannst stakur í rótum jarðvegi utan við grafirnar. Lærleggurinn virðist nokkuð stærri en móttstæður leggur í kumli 1 og er því líklega ekki hluti þess. Hann kann að



Mynd 9. Yfirlitsmynd af kumlunum þremur sem sáust á yfirborði.

hafa tilheyrt kumli 3 þótt ekkert verði um það fullyrt. Því kann að vera að fundist hafi ummerki um fimm kuml þótt það verði hér eftir seint sannað.

Í tveimur grafanna fannst haugfé. Í kumli nr. 2 fundust leifar þriggja víkingaaldar perla auk járbúta og dálítila viðaleifa. Í kumli nr. 4 fannst forláta beinþrójónn með útskornu dýrshöfði. Lega, og annar umbúnaður grafanna auk haugfjárins, staðfestir að þarna sé um að grafir úr heiðnum sið.

Kumlin báru þess merki að hreyft hefði verið við þeim til forna, í kumli 2 virtist stærsti hluti beinanna hafa verið fjarlægður en í gröf 4 voru bein öll úr lagi gengin. Hluta þeirra hafði vélgrafan skemmt en höfuðkúpa og mjáðmabein, sem lágu saman en þó hvorugt á sínum rétta stað, virtust liggja í þéttum óröskuðum jarðvegi. Pekkt er að menn hafi til forna rofið grafir til að leita að verðmætum sem kynnu að hafa verið lögð í þær. Hinsvegar skýrir það ekki hvernig á því stendur að flestöll

mannabeinin í kumli 2 hafi verið horfin, að því er virst fjarlægð úr kumlinu. Ekki skal útilokað að beinin hafi verið flutt í kirkjugarðinn þegar hann var gerður og er það tekið fyrir seinna í skýrslunni.

### Kuml 1




Mynd 10. Bein úr kumli nr. 1. Líklega hefur verið búið að moka burtu gröfínni sem beinin komu úr.

Fyrsta kumlið virðist hafa orðið vélskóflunni að bráð því einu ummerki þess var fundur höfuðkúpu og nokkurra annarra beina í skóflu vélgröfunnar. Um var að ræða bein konu sem hefur verið um 30 til 45 ára er hún lést. Þar sem beinin komu upp rétt austan við kuml 2 hefur gröfin legin norðan til á hólnum á því svæði sem mokað var í burtu.

**Kolefnisaldursgreining**  
beinagrindarinnar gaf til kynna að kumlið væri frá 9. öld og því elst kumlanna þriggja. Einnig var tekið sýni til strontínum greiningar sem getur gefið til kynna hvaðan einstaklingur er upprunninn og reyndist konan hafa

fæðst í útlöndum en ekki var greint nánar hvaðan.<sup>4</sup>

### Kuml 2



Mynd 11. Teiknin af beinum sem lágu í fótenda kumla nr. 2.

Þegar svæðið var hreinsað kom fram afmörkuð gröf á yfirborði sem virtist óskert af vinnuvélunum. Gröfin snéri norðnorðaustur-suðsuðvestur og var um 2m að lengd og um 1.5m að breidd. Gröfin hefur verið afmörkuð með steinum en stærstan hluta þeirra hafði grafan mokað í burtu. Fyllingin í gröfínni skar sig mjög úr öðrum jarðvegi umhverfis, hún var úr fínni ljóslekkóttri mold en jarðvegurinn umhverfis samanstóð af grófri jökulmöl og var fyllingin í gröfínni nokkuð malarblendin. Dýpt grafarinnar var mest um 40cm frá yfirborði og virtist hún óhreyfð á yfirborðinu. Hinsvegar var fátt um bein í henni.

Við uppgröft kom þó í ljós að gröfin geymdi einungis stakan hálslið og fótabein úr mannesku. Önnur mannabein voru horfin með öllu og svo virtist sem þau hefðu verið fjarlægð úr gröfínni. Varðveisla beinanna sem fundust var það góð að ólíklegt er að skortur á mannabeinum sé vegna slæmra varðveislusklilyrða. Mannabeinin lágu rótuð norðaustast í gröfínni og hefur það líklega verið fótendi hennar. Í samblandi við

<sup>4</sup> Hildur Gestsdóttir, skv. samtali í september 2007.

mannabeinin fundust einnig fáein bein úr hundi og stök tönn úr sauðkind. Hryggjaliðurinn lá einnig til fóta sem bendir til að rótað hafi verið við gröfínni, vera kann að menn hafi talið fótabeinin tilheyra hundsbeinagrindinni hafi bein verið flutt úr gröfínni. Hinsvegar var grafan búin að hreinsa í burtu jarðveg úr hólnum fast norðan kumlsins þannig að ekki var ljóst hvort að hestur hafi einnig fylgt kumlbúanum líkt og oft var raunin.<sup>5</sup> Hundsbeinin í gröfínni reyndust af háfættri tegund hunda sem mun hafa svipað til nútíma Greyhound hunda.<sup>6</sup> Í gröfínni fundust þrjár glerperlur í víkingaaldarstíl, svokallaðar sörvistölur, og voru tvær þeirra skreyttar. Perlurnar fundust í miðri gröfínni vestantil en virtust ekki liggja á sínum stað. Einig fundust þrír járnþútar, e.t.v. hluti af nagla og tvö ógreinanleg brot.

### Kuml 3



Priðja kumlið lá um 6m suðaustur af kumli 2 og var mjög illa skemmt af vélgröfunni. Þar fundust einungis fáein mjög illa farin mannabein og tennur og

bein úr hundi. Engir gripir fundust í þeirri gröf, en hún hefur legið rétt undir yfirborði og var greinilegt að hún var mjög röskuð. Gröfin hefur a.m.k verið um 1.4m að lengd og um 90cm að breidd en lítt jarðvegur var eftir í henni þannig að ekki var hægt að meta raunstærð hennar eða dýpt. Líkt og í kumli 2 voru manna- og hundabein saman í róti í austurenda grafarinnar en mannabeinin lágu laus ofan á og gæti lega þeirra komið til vegna jarðvegsframkvæmdanna. Beinin úr gröfínni voru of illa farin til að hægt væri að greina kyn eða aldur.

Kolefnisaldursgreinin mannabeinanna bentil að kumlið væri frá 10. öld. Bein úr hundinum í kumlinu voru einnig aldursgreind og gáfu svipaða

*Mynd 12. Kumli nr. 3 var mjög illa farið og einungis nokkur brot úr mannabeinum og hundsbein austast í gröfínni.*

niðurstöðu.

### Kuml 4

Fjórða kumlið lá um 16m sunnan við kumli 2 og geymdi heillegustu beinagrind kumlanna þriggja. Á yfirborði var það 2,4m langt og um 60cm breitt og jarðvegur í því var um 30-40cm þykkur. Grafan hafði hróflað við leggjabeinum sem lágu ofarlega og ekki á sínum rétta stað og líklega hefur hluta þeirra verið mokað í burtu. Annars virtist jarðvegur í kumlinu óhreyfður. Þó var ljóst að því hefur verið raskað til forna þar sem að beinagrindin reyndist nokkuð úr lagi gengin. Hryggjarliðir og rifbein virtust á sínum stað en leggjabein voru hreyfð og höfuðkúpan lá við annað mjaðmabeinið sem um 30cm austur frá restinni af beinagrindinni. Gröfínni hefur því einhverra hluta vegna, verið spilt til forna og hluti beinanna grafinn niður aftur. Auk beinanna fundust

<sup>5</sup> Kristín Huld Sigurðardóttir 2004, bls. 73.

<sup>6</sup> Skv. samtali við dýrabeinafræðingin Kim Aaris Sørensen, 2003.



Mynd 13. Horft til austurs yfir bein í kumli nr. 4. Höfuðkúpan og mjaðmabein lágu saman og eru fyrir miðri mynd.

klæðisprjónn úr beini með fagurlega útskornu dýrshöfði og lítið blýmet (blýlóð) í gröfinni. Sá hluti beinagrindarinnar (hryggjarliðir og nokkur rifbein) sem enn lá óhreyfður bendir til að hún hafi legið austur-vestur með höfuðið til vesturs. Engin hundsbein eða önnur dýrabein fundust í gröfinni.



Mynd 14. Beinprjónninn úr kumli 4.

Kolefnisaldursgreining leiddi í ljós að kumlið væri frá 10. öld, líklega síðari hluta aldarinnar. Sýni var tekið til strontíum greiningar sem gefa kann til kynna hvaðan einstaklingur er upprunninn og gaf hún til kynna að konan hefði fæðst hérlandis.<sup>7</sup>

## Fasi II - Kirkja og kirkjugarður

Fyrsta verk sumarið 2003 var sigtun jarðvegsins sem mokað hafði verið ofan af gröfunum 2002. Haugarnir voru sigtaðir í heild sinni og fannst þar fjöldi beina, bæði úr fullorðnum og börnum. Ekki er hægt að fullyrða að hversu margar grafir ungbarna kunna að hafa verið fjarlægðar en stundum virðast þær hafa legið eilítið hærra í jarðvegi en grafir fullorðinna. Lausfundin bein úr sigtuðu haugunum gefa þó líklega nokkuð góða mynd af því hversu margar grafir hafa orðið fyrir raski.



Mynd 15. Starfsmenn Hólarannsóknarinnar við mokstur malar ofan af svæðinu vestan ferðapjónustuhússins áður en uppgröftur hófst 2003.

Þegar hafist var handa við uppgröft kirkjugarðsins varð fljótlega ljóst að mjög skammt var niður á minjarnar. Við byggingaframkvæmdirnar árið áður hafði grásrótt verið fjarlægð af nokkru svæði og um 20-50cm þykkt jarðvegslag undir henni. Möl hafði verið lögð yfir svæðið vestan hússins til að verja það skemmdum vegna umferðar í tengslum við framkvæmdirnar. Fyrstu dagarnir fóru því í að fjarlægja þennan malarpúða og hreinsa svæðið. Sumarið 2003 voru alls grafnar upp 19 grafir bæði fullorðinna og barna. Varðveisla beina og viðarleifa var mjög góð..Eftir að búið var að

<sup>7</sup> Hildur Gestsdóttir, skv. samtali í september 2007.



*Mynd 16. Svæðið við upphaf upptgraftar. Svæði A var þar sem skóflan stendur í malarhaugnum við suðurgafl hússins og svæði B vinstra megin á mynd. Húsið sjálft stendur í kirkjugarðinum miðjum, svæðinu sem grafið var 2002.*


hreinsa yfirborðslög sem voru blönduð mölinni sem lögð hafði verið yfir svæðið komu í ljós mjög glöggar leifar hringлага kirkjugarðsveggjar. Leifar veggjar höfðu ekki fundist við rannsóknina 2002 en veggurinn gerði það kleift að afmarka nákvæmlega svæðið innan kirkjugarðsins. Garðurinn lá í boga vestur fyrir húsið og markaði nokkurn veginn útlínur lóðarinnar þeim megin. Því var tekin sú ákvörðun ekki væri þörf á að grafa svæðið utan kirkjugarðsveggjarins þar sem það væri ekki í hættu vegna framkvæmdanna. Þó var á seinni stigum upptgraftarins tekinn könnunarskurður til vesturs frá garðinum. Upptgraftarsvæðið lá að mestu vestan hússins og var um 20m langt frá norðri til suðurs en 10 langt til vesturs frá húsvegnum. Einnig var hluti þess sunnan hússins, um 6m langt frá austri til vesturs og um 4m til suðurs frá húsgaflinum. Suðursvæðið var nefnt

svæði A en vestursvæðið svæði B. Um 3m breitt svæði á milli svæða A og B var of illa farið eftir umferð við húsið til að þar væri hægt að grafa. Það var þó ljóst að þar höfðu engar grafir verið.

Í lýsingu jarðlaga eru númer þeirra gefin upp innan hornklofa og eiga við númer í meðfylgjandi jarðlagaskrá. Jarðlög voru mæld upp með alstöð og sett inn gagnagrunninn Intrasis. Númer jarðlaga eru því sjálfkrafa númer sem gagnagrunnurinn gaf en ekki hlaupandi númer. Við endurupptöku og úrvinnslu gagnanna voru nokkur jarðlög sameinuð sem mæld voru upp sem einstök lög í upphafi en eiga þó greinilega saman. Grafir eru gefnar upp með upptgraftarnúmeri sem er auðkennt með K fyrir Keldudal og hlaupandi númeri. Grafirnar fá svo annað númer í beinagagnagrunni. Þjóðminjasafns Íslands og fylgir það með í lista yfir

grafirnar í garðinum. Mannvistarleifunum í Keldudal er skipt upp í þrjá fasa, skáli og kuml tilheyra fasa I, (ca. 870-1000) kirkjugarður og kirkja fasa II (ca. 1000-1150) og smiðjuleifar í kirkjugarði fasa III (ca. 1150-1300).

grafnar niður í náttúrulegan jarðveg, þykkt gulleitt forsögulegt gjóskulag (H3) og rauðbrúna fínkorna mold neðan hennar. Útlínur grafa hefðu því átt að koma fram í náttúrulega jarðveginum jafnvel þótt hreyft hafi verið við yfirborðslögum.



Mynd 17. Uppgraftarsvæðin sumarið 2003. Svæði A náði yfir lítinn hluta innan garðs sunnan húss en svæði B náði yfir svæðið að útmörkum kirkjugarðsveggjar vestan húss. Malarpúði lá i um metra út frá grunni hússins.

### Svæði A

Hér verður fyrst lýst jarðlögum á svæði A sem var sá kafli uppgraftarsvæðisins sem lá sunnan hússins. Aðgreining svæðisins frá restinni af kirkjugarðinum vestan hússins [svæði B] kom til vegna þess að við húsbygginguna hafði myndast þriggja metra breið slóð sem notuð hafði verið til að komast að og frá byggingarsvæðinu. Jarðlög á þessum kafla voru mjög rótuð vegna umferðar vinnuvéla. Hreinsað var ofan af þeim og var þá strax komið niður að óhreyfðum náttúrulegum jarðlögum. Engar grafir fundust á svæðinu. Allar grafir í garðinum voru að einhverjum hluta


Áhersla var lögð á að hefja uppgröftinn á svæði A þar sem að fylla þurfti upp í þann hluta framkvæmdasvæðisins skömmu eftir að uppgröftur hófst. Svæðið var um 4m breitt og um 7m langt og lá frá austri til vesturs eftir endilangri suður hlið hússins. Svæðið var grafið inn í gamla bæjarhólinn og var dýpst í austurenda um 1,5m djúpt en rétt um 50cm djúpt í vesturenda.

Kirkjugarðsveggurinn [504] var sýnilegur í boga á um 7m löngum kafla frá vestri til austurs en þótt gryfjan næði two metra lengra til austurs en veggþoginn leyfði tíminn einungis að

grafið væri svæðið innan hans. Veggurinn afmarkaði svæði sem var um 5m langt frá austri til vesturs þar sem að rof kom í garðinn og önnur jarðlög vegna fyrnefndslóða. Svæðið var um 4m á breidd frá suðurhlíð hússins að syðri gryfjubakkanum og um 7m langt frá horni hússins og að austur bakkanum.

Þegar uppgröftur hófst var þegar búið að grafa í burtu stærsta hluta jarðlaga sem voru yngri en 1300 syðst á svæðinu. Efsta lagið sem grafið var í burtu var þó yngra en það var rótað jarðlag [212] sem innihélt torfleifar og annað rusl frá yngri byggingarskeiðum bæjarins en lagið lá yfir óhreyfðri Heklugjóska frá 1300 (H1300). Þetta lag fyllti upp í dæld innan kirkjugarðsveggjarins og var um 30cm þykkt. Undir 1300 gjóskunni var svo torfblandað lag [308]. Lagið var fremur einsleitt að lit en með dálítilli móósku, brenndum og óbrenndum beinum og auk eldsprengdra smásteina. Þetta lag tilheyrir líklega því því skeiði sem smiðja var í notkun í gömlu kirkjurústinni. Undir þessu lagi var mjög rótað torflag [310] sem lá í boga innan kirkjugarðsveggjarins og var greinilega hrún úr veggnum eftir að hann fór úr notkun. Lagið lá á afmörkuðu svæði upp við kirkjugarðsvegginn.

Kirkjugarðsveggurinn sjálfur [317] var úr torfi en hann lá hálfur inn í suðursnið gryfjunnar og ekki var grafið nágu djúpt austan garðs til að staðfesta hvort þar var að finna sömu einföldu grjótröðina og markaði útbrúnir garðsins að vestan og norðan. Greinilegt var að garðurinn hefur verið gildaður upp því H1104 var einungis að finna í efst í honum en þar var gjóskan svo þykk að vísast hefur hann verið endurhlaðinn skömmu eftir að gjóskan fél. H1104 gjóskan er að hluta óhreyfð innan garðsins og upp að honum að innan. Undir henni var um 7-



Mynd 18. Harris Matrix teikning af jarðlöögum á svæði A.




Mynd 19. Svæði A sunnan húss.

10cm þykkt rótað torflag [306] sem í var að finna örlitlar kolaleifar og móöskudreif auk dýrabeina. Lagið hefur tilheyrt þeim tíma sem kirkjugarðurinn var í notkun og lá það yfir tveimur lögum, annars vegar fyllingu úr gröf [K43] og móöskulagi [3009] sem í var nokkuð af kolum og brenndum beinaleifum. Undir móöskulaginu [3009] var svo lag af rótuðu torfi og rusli sem tengist líklega skálanum. Lagið náði yfir allt svæðið en var þykkara vestan til um 10cm þykkt en þynntist til austurs. Alls hafa tvær grafin verið í þeim hluta garðsins sem svæði A náði yfir. Gröf [K34] fannst þegar húsgrunnurinn hvar stækkaður að loknum uppgreftrinum 2002 og er ekki hægt að fullyrða frekar afstöðu hennar til jarðlaga. Rétt austan hennar og lá svo gröf [K43] sem var grafin upp sumarið 2003. Gröfin hafði verið tekin í móöskulagið [3009], rótaða torflagið [318] neðan þess og niður í óhreyfðan jarðveg. Ofan hennar voru svo slitru af H1104, að því er virðist óhreyfðu. Syðst á svæðinu upp við kirkjugarðsvegginn var hringлага hola [320] sem hefur verið grafin í rótað lag [318] sem liggur undir

kirkjugarðsvegginn og var hún því eldri en kirkjugarðurinn. Í holunni var fylling með rusli og nokkru af óbrenndum dýrabeinum og brýnisbroti sem bendir til að þarna hafi á einhverjum tíma verið grafið niður rusl.

### Svæði B

Uppgraftarsvæði B var allur vesturhluti kirkjugarðsins sem skilinn hafði verið eftir að loknum uppgreftrinum 2002. Austurmörk svæðisins voru afmörkuð af grunni ferðaþjónustuhússins sem reist var veturinn 2002-3 en vesturmörk af kirkjugarðsvegnum sem lá í boga vestur fyrir húsið. Frá vesturhlíð hússins að vestur innmörkum garðsins voru um 8m en breidd garðsins frá norðri til suðurs var 15m. Uppgraftarsvæðið var því um 120fm. Þessi hluti garðsins lá neðan brekkunnar sem mannvistarlagr úr yngri bæjarhólnum höfðu myndað og því var skemmra niður á minjar undir yfirborði þar en í austurenda garðsins sem lá undir 1-3ja metra þykkum mannvistarlagum. Eftir því sem leið á uppröftinn varð ljóst að öll jarðlög á svæðinu voru þau frá því fyrir gjóskufallið mikla úr Heklu 1300. Óhreyfð fokmold var undir gjóskunni sem benti til að einhver tími hafi liðið eftir að búið var að sléttu úr öllum jarðlagum í garðinum og þangað til gjóskan féll. Grafið hafði verið ofan af svæðinu með gröfu en ljóst var af útmörkum vinnusvæðisins að það hafa ekki verið þykk jarðlög á milli 1300 gjóskunnar og grásrótar sem líklega er orsök nútíma jarðvinnslu umhverfis núverandi bæjarhús. Þegar 1300 gjóskan féll virðist fyrir nokkru hafa verið búið að sléttu úr öllum mannvistaleifum, kirkjugarðsvegg og byggingum en gjóskan lá óhreyfð yfir því sem þá hefur verið að mestu sléttat yfirborð. Rof varð í 1300 lagið á nokkrum stöðum uppi við húsið austast á svæðinu þar sem jarðlög voru rótaðri



Mynd 20. Harris Matrix teikning af jarðlögum í fasa II og III.

vegna framkvæmdanna en óhreyfð lega þess yfir svæði A bendir til að gjóskan hafi legið yfir garðinum öllum og markar hún þar með efri aldursmörk hans.

Síðasta notkunarskeið innan garðsins hefur tilheyrt smiðju sem líklega hefur verið sett niður í leifum kirkjunnar eftir að kirkjan og greftrun í garðinum lagðist af. Á undan smiðjunni hefur staðið kirkja, fyrir miðjum kirkjugarði og mátti mögulega greina tvö byggingarskeið kirkjunnar. Umhverfis kirkjuna lá svo grafreitur þar sem grafsett hafa verið um 60 manns á 100-120 ára tímabili. Hringlaga, eða eilítíð sporöskjulaga kirkjugarðsveggur hefur verið hlaðinn umhverfis garðinn og kirkjuna. Undir kirkjugarðinum komu svo í ljós leifar Víkingaaldarskálabyggingar sem rutt hefur verið um rétt um það leiti sem byrjað hefur verið að nota garðinn fyrir greftrun og bærinn var fluttur ofar í brekkuna upp fyrir kirkjugarðinn þar sem Keldudalsbær hafa staðið síðan. Í eftirfylgjandi lýsingu jarðlaga verður þessum notkunarskeiðum lýst hverju í sínu lagi.

### Fasi III- Smiðja

Skammt undir H1300 í norðurhluta svæðis kom efst fram rótað torflag [212] sem líklega hefur tilheyrt seinasta notkunarskeiðinu og myndast þegar sléttan var úr mannvirkjum þeim tengdum. Undir því var rótað dökkt lag [311] sem í voru nokkrar leifar móösku, kola, gjalls og ýmissa smærri málmbrota sem ætla má að hafi tilheyrt hafi vinnslu þeirri sem fram fór í smiðjunni. Greinilegt var að lagið hefur myndast þegar sléttan hefur verið úr byggingum og öðrum mannvistarleifum á svæðinu og nyrsti hluti lagsins var þynnra og minna samhangandi. Lag [311] var það lag sem langflestir gripir fundust í en auk smiðjuúrgangs fundust þar nokkrir járnaglar, lítill snældusnúður úr steini og viðgert brot úr klébergsgrýtu. Rótað torflag [516] hefur einnig myndast við sléttun svæðisins og er þar líklega um að ræða hluta smiðjunnar og er lagið því samtíða [311]. Undir lagi [311] fannst svo hluti af gólfí [451] smiðjunnar þétt kola og móöskulag, mjög brennt. Sökum þess að byggingum hefur verið rutt um í fyrnsku auk þess hve jarðlög voru skemmd vegna framkvæmdanna austast á svæðinu voru þessi rótuðu

jarðlög það eina sem eftir var af smiðjunni og því lítið hægt að fullyrða um stærð hennar né gerð. Vera kann að kirkjan hafi verið endurnýtt sem smiðja og grjótklædd stoðarhola [452] með viðarleifum kann því að tengjast báðum byggingunum. Engar grafir voru teknar í gegn um jarðlög sem tengd voru smiðjunni og virðist hún því yngri en kirkjugarðurinn.


Afmörkun þess hluta kirkjugarðsins sem grafinn var 2003 er lýst hér að ofan. Við neyðarrannsóknina 2002 hafði flest öllum leifum kirkjugarðsminjanna verið mokað í burtu, engar leifar kirkjugarðsveggjarins fundust þá og það eina sem bent gat á kirkju var stök stoðarhola vestast á svæðinu. Einu menjarnar um garðinn sem voru að mestu óskaddaðar voru grafirnar. Alls höfðu fundist 35 grafir haustið 2002 og með því að sigta allan þann jarðveg sem fjarlægður hafði verið næst ofan grafanna fundust bein sex einstaklinga til viðbótar. Þar sem framkvæmdum var hætt um leið og menn fóru að taka eftir mannabeinum í uppmokstrinum er nokkuð víst að ekki hafa margar grafir farið algerlega forgörðum, helst þá grafir ungbarna sem kunna að hafa legið ofar í jarðvegi. Alls fundust 18 heilar grafir við uppgröftinn 2003 sem innihéldu leifar 19 einstaklinga en nánari útlistun er á gröfum er í kafla hér að neðan.

Skammt undir 1300 gjóskunni sem lá yfir svæðinu kom í ljós vel afmarkaður bogadreginn kirkjugarðveggur [504]. Hann var sýnilegur á 20m löngum kafla frá norðri til suðurs en þar rofnaði hann vegna framkvæmdasvæðisins á um 3ja metra kafla en var svo aftur sýnilegur á um 7m löngum kafla á svæði A sunnan hússins. Garðurinn hefur verið hlaðinn að úr strengjatorfi en efsti hlutinn hefur

verið hlaðinn úr hnausum sem í voru þykkar linsur af 1104 gjóskunni. Útbrún garðsins neðst var afmörkuð með einfaldri grjótröð. Ekki var hægt að sjá að grjótröðin hefði einhvern byggingarfæðilegan tilgang annan en að marka útlínur garðsins þegar hann var hlaðinn. Líkt og ljós var á svæði A var greinilegt að neðri hluti veggjarins hefur verið hlaðinn eftir aldamótin 1000 þar sem að gjóskulagið Vj~1000 fannst í torfinu. Veggurinn hefur líka verið hlaðinn ofan á þessu lagi óhreyfðu og var dálítill móóskuskotinn jarðvegur milli gjóskunnar og garðsins sem bendir til að nokkur ár, jafnvel áratugir hafi liðið áður en garðurinn var reistur.<sup>8</sup> Hvernig eða hvort garðurinn hefur verið afmarkaður frá byrjun graftar í honum er ekki hægt að fullyrða. Torfhrun [613] úr efsta hluta garðs var augljóst innan garðbogans á um 13m löngum kafla. Hrunið lá ofan á gröfum [K14] og [K42] sem lágu nyrst í kirkjugarðinum upp við kirkjugarðsvegginn. Ekkert rof var í sýnilega hluta garðsins annað en þar sem slóðinn hafði myndast við framkvæmdirnar syðst á svæðinu. Hvar hlið hefur verið á garðinum er því óvist en mögulegt er að það hafi verið til suðurs og vitað að íveruhúsinu sem var samtíða garðinum.

Ekki fundust miklar leifar um kirkjubygginguna sjálfa. Bæði var búið að grafa bróðurpart mögulegra kirkjuleifa í burtu við framkvæmdirnar 2002 auk þess sem að byggingar virðast hafa verið aflagðar og búið að sléttu úr þeim þegar á 13. öld. Þær byggingaleifar sem fundust við uppgröftinn 2003 voru tvær, mögulega þrjár stoðarholur [847] [848] [462] sem gætu tilheyrt eldra byggingarskeiði og svo ein heil grjóthlaðin stoðarhola [452] með stoðarsteini í botni og dálitlum viðarleifum enn í holunni. Auk þess

<sup>8</sup> Magnús A Sigurgeirsson 2003, óbirt gjóskuskýrsla.




Mynd 21. Mynd 22. Númer grafa í kirkjugarðinum í Keldudal.

fundust mögulega leifar annarrar grjótklaeddrar stoðarholu [465] um 3,5m norðan þeirrar fyrri en þar var þó einungis um að ræða þrjá steina sem virtust standa upp á endann umkringdir grjótdreif.

Stoðarholurnar þrjár sem mögulega eru frá eldra byggingarskeiði voru ekki grjóthlaðnar, né heldur var steinn í botni þeirra. Tvær holanna [847] og [848] voru nokkuð stórar, 50cm og 60cm að þvermáli. Þriðja holan [462] var nokkuð óvissari þar sem henni hafði verið mokað burt að hluta en þar virtist þó um hálf hringlaga niðurgröft að ræða, mögulega helming stoðarholu. Þessar stoðarholur kunna að heyra til eldri og smærri byggingu sem virðist hafa snúið norðnorðvestur-suðsuðaustur og þar

með öðruvísi við áttum en grafirnar umhverfis sem lágu allar austur-vestur. Þó er erfitt að fullyrða nokkuð frekar um mögulega stærð eða gerð vegna þess hversu óverulegar leifarnar eru.

Grjóthlaðna stoðarholan [452] og möguleg stoðarholna [465] virðast hafa tilheyrt öðru, og að því er virðist eilítið stærra húsi sem sem hefur verið um 3,5-4x4m að stærð. Um er að ræða niðurgrafrnar stoðarholur sem tilheyrt hafa húsi af elstu gerð stafwerkshúsa svokallaðra stólpahúsa. Við heilu stoðarholuna fundust leifartrévirki [366] úr byggingunni, líklega aurstokki undan vesturgafli hússins. Stærð og lega hússins út frá stoðarholunum bendir til byggingar sem hefur legið eins við áttum og grafirnar í garðinum.



Mynd 23. Yfirlitsteikning af minjunum í Keldudal, skála og kirkjugarði. Myndin sýnir einnig aldur og kyn þeirra sem í garðinum lágu. Vestanvert í kirkjugarðinum má sjá vegg skálans og þann hluta hans sem grafinn var upp 2003.

Auk þess umkringja grafirnar ferkantaðan flót þar sem engar grafir voru. Þannig má afmarka nokkuð stærð byggingarinnar. Engin ummerki fundust um torfveggi en róuð torflög sem talin voru tilheyra smiðuskeiðinu gætu bent til að smiðjan hafi verið með torfveggjum.

Alls fundust 53 grafir í garðinum með leifum 53. einstaklinga. Þar af var ein grafanna, gróf ungbarns nr. 33, skráð og teiknuð upp og sögð ógrafrin við uppgraftarlok haustið 2002. Sú gróf hefur þó líklega horfið við framkvæmdirnar um veturinn þar sem engin beinagrind fannst sem á við grófina. Þar sem grófin hafði verið mæld upp fylgir hún hér með í skránni þótt engin mannabein tilheyri henni. Þó kann auðvitað að vera að bein úr grófinni sé að finna í safni lausfundinna beina. Í einni ungbarnagrafanna nr. 37 reyndust leifar tveggja ungbarna. Beinagrind annars barnsins lá beint ofan

á hinni beinagrindinni og voru líkindi til timburleifa á milli beinagrindanna. Efra barnið virðist því hafa verið lagt í kistu í eldri gróf ungbarns. Sú gróf fær því tvö númer þótt um sömu gróf sé í raun að ræða

Framkvæmdirnar haustið 2002, sem urðu til þess að garðurinn fannst, höfðu einnig valdið skemmdum á honum þannig að ekki er hægt að fullyrða með vissu raunfjölda grafa. Þar sem rannsóknin 2002 var unnin undir mikilli tímapressu vannst ekki tími til að rannsaka frekar þann jarðveg sem komið hafði upp úr grunninum en afráðið að jarðvegshaugurinn sem kom upp úr neðsta hluta húsgrunnsins var geymdur til frekari rannsókna ef fjármagn fengist til þeirra. Sumarið 2003 var svo jarðvegshaugurinn sem mokað var úr garðinum rétt áður en grafirnar komu í ljós sigtaður og fannst þar nokkuð af mannabeinum. Vera kann að einhverjar grafir hafi algerlega farið


forgörðum en það er þó ólíklegt þar sem að framkvæmdir voru stöðvaðar þegar og mannabein fundust. Greining lausfundinna beina benti til að þar væri um að ræða bein úr fimm fullorðnum manneskjum, einu stálpuðu barni og a.m.k. tveimur ungabörnum. Sum beinanna mátti líklega heimfæra upp á gröf 9 sem hafði verið mokað að mestu í burtu og þar með eru fullorðnu einstaklingarnir utan grafa orðnir fjórir. Frumrannsókn beinanna benti til að líklega væri um væri að ræða bein a.m.k. þriggja kvenna og eins karls. Grafirnar hafa líklega flestar legið austan kirkjunnar en þó kann að vera að einni gröf hafi verið mokað í burtu fast norðan kirkjunnar þar sem er eyða í garðinn en nokkur bein sem kunna að hafa tilheyrt henni fundust í hrúgu við gröf 2. Reikna má með að fleiri ungbarnagrafir kunni að hafa orðið fyrir skemmdum þar sem að þær lágu gjarnan eilítið ofar í jarðvegi. Það hafa því um 60-65 manns fengið leg í garðinum. Þessi fjöldi fólks auk árafjöldans sem grafið hefur verið í garðinn bendir til að hér sé um að ræða heimagrafreit eða afmarkaðan fjölskyldugrafreit fremur en almenningsgrafreit.

Barnagrafir lágu í klasa við suður langvegg kirkjunnar og nokkrar grafir lágu upp við norður langvegg en fleiri í þyrpingu um 2m norðan kirkjuveggjar. Fjórar ungbarnagrafir lágu svo við fullorðinsgrafir vestan kirkjunnar. Sökum þess að grafan hafði farið dýpst niður austan kirkjunnar voru einungis tvær grafir fullorðinna eftir þar og því ekki hægt að fullyrða hvort þar hafi börn einnig verið grafin. Allir sem grafnir voru vestan kirkjunnar voru í kistum og flestar grafir næst kirkjunni virðast hafa verið kistugrafir. Þó er óvist með nokkrar ungbarnagrafir sunnan suður langveggs. Flestar kistulausu grafanna voru úti við kirkjugarðsvegg að norðan og tvær syðstu grafirnar í

garðinum voru einnig kistulausar. Tvær syðstu grafirnar, 34 og 43 lágu um tveimur metrum sunnan annarra grafa í suðurhluta garðs og var svæðið á milli þeirra grafalaust.

Þrjár kistugrafir, nr. 16, 47 og 36 höfðu verið tæmdar, þ.e.a.s bein eða lík fjarlægð úr þeim. Allar grafirnar lágu sunnan miðju garðs og því líklegt að þar hafi karlmenn verið jarðaðir. Í gröf 16 voru einungis eftir hnáskeljar, í gröf 47 fannst stök tönn og í gröf 36 fundust nokkur fótabein og stök tönn. Slitrur af H1104 voru í grafarfyllingu í gröfum 36 og 47 sem bendir til að þær hafi verið tæmdar eftir þann tíma.

Rótuðu yfirborðslögin [212] og [311] og hrunið úr kirkjugarðsveggnum [613] voru efstu jarðlögin á svæðinu og lá H1300 yfir þeim. Undir þeim, yfir öllum vesturhelmingi garðsins og undir kirkjugarðsvegginn lá svo um 20cm þykkt mjög rótað rauðleitt torflag [518] sem í var nokkuð af grænni gjóska, e.t.v. svokallaðri Landnámssyru. H1300 gjóskan lá óhreyfð yfir þessu lagi en einnig voru flekkir af H1104 efst í laginu. Grafirnar vestast í garðinum reyndust grafnar í þetta lag og virtist það hafa verið lagt í mishæð til að sléttu úr yfirborðinu. Þegar búið var að fjarlægja torflagið [518] kom í ljós aflöng torffyllt dæld sem lá frá suðri til norðurs í vestasta hluta garðsins. Auk þess sem að grafirnar vestast í garðinum voru teknar í gegn um rótaða torflagið virtust þær einnig teknar í gegn um lagskiptara gulleitt torf sem virtist vera hluti torfveggjar. Syðst við kirkjugarðsvegginn kom svo í ljós heillegur 2ja metra bútur af þessum vegg og gekk hann inn undir sunnanverðan kirkjugarðsvegginn. Það var því ljóst að vesturhluti garðsins lá austurhluta fornrar byggingar sem að legið hefur norður-suður og virtist að hluta til grafin ofan í náttúruleg jarðlög.




Mynd 24. Yfirlitsteikning af jarðlögum í skálanum. Þar sem að einungis var grafið innan kirkjugarðsins myndaði kirkjugarðsveggurinn bogadregin vestur útmörk upprograftarsvæðisins innan skálans.

## Fasi I – Skáli

Einhverjar óvæntustu niðurstöður rannsóknarinnar 2003 var fundur skálabyggingar vestast á svæðinu, undir kirkjugarðinum. Byggingin hefur verið fallin eða henni hefur verið rutt um í þeim tilgangi að mynda pláss fyrir kirkjugarðinn á bæjarstæðinu. Bærinn sjálfur var endurreistur um 30m austar of ofar í brekkunni Greinilegt var að austur langhlið byggingarinnar hefur verið grafin um 40cm niður í náttúruleg jarðlög og hefur austur langveggurinn verið reistur á bakka þessa niðurgraftar. Skálinn hefur verið reistur neðst í og þvert á aflíðandi brekku og hefur niðurgröftur hans haft þann tilgang að eystri og vestri langveggir hafa staðið í sömu hæð. Leifar eystri langveggjar [1572] lágu á 10m löngum kafla úr suður sniði kirkjugarðsveggjarsins til norðurs en norður hluti hans var horfinn vegna hálfhringlaga niðurgraftar [1549]. Veggurinn var heillegastur syðst þar sem að um 3ja metra langur

kafli var sæmilega greinilegur en eftir því sem norðar dró var veggurinn sundurgraflinn og óverulegri vegna grafanna sem höfðu verið teknar í hann.

Niðurgröfturinn eða pytturinn [1549] nyrst á svæðinu lá í hálf hring út frá kirkjugarðsveggnum um 3ja metra langur og um 2m á breidd út frá boganum við kirkjugarðsvegginn. Hann var um 40cm djúpur og botninn var náttúruleg jökulmöl. Fyllingin í pyttinum var malarskotið torfrót. Hann hefur hinsvegar verið grafinn áður en uppfyllingarlagið [518] var lagt niður yfir rústirnar af skálanum og einnig var rótað torflag [711] úr þekju og veggjum skála ofan á fyllingunni. Þarna hefur því verið grafin hola eftir að búið var að fella þekjuna og sléttu úr veggjunum en áður en uppfyllingarlagið [518] var síðan lagt yfir torflögin. Tilgangur þessa niðurgraftar er næsta óljós en hann kann eitthvað að tengjast sléttun svæðisins eða flutningi skálans.



Mynd 25. Harris Matrix teikning af jarðögum í fasa I og tengsl hans við kirkjugarðinn.

Einungis hluti skálans lá innan kirkjugarðsveggjarins og var uppgröftur hans afmarkaður við svæði sem var um 11m langt frá suðri til norðurs og um 3,5m breitt frá austur langhlið að kirkjugarðsboganum í miðju garðsins. Eins og áður er sagt var byggingin niðurgrafin um 40cm á austurhlið og var því dýptin niður á gólf hennar sem því nemur. Ofan á í þessari dæld var mjög rótað torflag [711] úr þekju og veggjum byggingarinnar sem í voru nokkrar viðarleifar. Þessi torfbunki var upphaflega skráður sem nokkur mismunandi torflög en í úrvinnslunni voru þau sett saman í eitt lag [711]. Torfið fyllti nánast dældina eftir bygginguna en þykkir torfbunkar voru einnig greinanlegir vestan og utan við við vestur langvegginn og virðist hafa verið sléttan í svæðinu lengra í vestur en kirkjugarðurinn náði.

Undir torfbunkanum kom í ljós set, eða bekcur [721] upp við austurhlið skálans. Steinar hafa verið reistir upp á rönd um 50cm frá náttúrulegum bakkanum sem skálinn er grafinn í og

milli þeirra og bakkans var fremur einsleitir þjappaður moldarjarðvegur. Steinarödin lá úr suðursniði í um 2m til norðurs þar sem endasteinn lokaði hleðslunni. Steinarnir náðu mest í um 30cm hæð og var það hæðin á bekknum. Framan við grjótröðina var 1m brett svæði sem var afmarkað af viðarstoð í skálagólfinu vestan til. Á milli steinanna og spýtunnar fannst ekki eiginlegt gólfflag heldur torfleifar og vera kann að spýtan hafi afmarkað breiðara torfhlaðið set eða bekk sem hefur þá verið nær því að vera 1,5m breitt. Hinsvegar voru öll jarðög svo rótuð innan skálans að ekki var hægt að ákvarða nánar hæð eða breidd bekkjarins.

Gólfag skálans [720] var rauðbrúnt lag með tölverðri móösku, rétt um 5cm að þykkt og í meðallagi þétt. Lagið var samfelldast fyrir miðju svæðisins sunnan við stærra eldstæðið [752] sem fannst í skálagólfinu. Lagið var svo slitróttara syðst í skálanum vestan við bekkinn. Gólfíð hefur legið beint ofan á þéttirí gráblárrí jökulumöl. Miðað við

bekkinn sem hefur einnig verið hlaðinn ofan á mölinni virðist gólfblöturinn hafa verið eilítið niðurgrafinn sem kann að orsakast af því að mokað hafi verið út úr skálanum.



Mynd 26. Eldstæðin tvö í skálagólfinu. Minna eldstæðið [1548] er nær á mynd en stærra eldstæðið [752] fjær.

Í gólfinu var að finna tvö eldstæði. Það stærra [752] var að utanmáli um 3ja metra langt og um metri á breidd. Aflangar hellur hafa staðið upp á rönd og afmarkað eldstæðið en voru að mestu oltnar inn á við, kann að hafa gerst þegar skálanum var rutt um. Í eldstæðinu miðju var 70x55cm stór flöt grjóthella sem hefur líklega upphaflega staðið upp á rönd og verið hluti af afmörkun eldstæðisins. Undir hellunni fannst nokkuð magn af brenndum dýrabeinum. Jarðvegurinn umhverfis og í eldstæðinu var kolað og dálítið af kolum auk móósku var að finna inn á milli steinanna.

Smærra eldstæðið [1548] var rétt um 10cm norðnorðaustan við norðausturhorn stærra eldstæðisins. Eldstæðið var einn metri á lengd og

70cm á breidd. Botn eldstæðisins virtist hafa verið röð þriggja stærri steina og steinar lagðir upp á rönd umhverfis þá hafa myndað útmörk þess. Um 70cm norðan við eldstæðið var upphækkun sem náði frá austurhlíð skálans í um 1,6m til vesturs inn í skálann. Upphækkunin var um 20cm á hæð og um metri á breidd frá norðri til suðurs. Um var að ræða framhald náttúrulegu jarðlaganna sem að skálinn var grafinn niður í. Upphaflega var þessi upphækkun túlkuð sem hluti af nyrðri gafli skálans en túlkunin breyttist eftir að röð fjögurra pinnahola [1540, 1541, 1542, 1543] kom í ljós í kverkinni sem upphækkunin myndaði út frá austurhlíðinni. Þrjár samskonar pinnaholur [1544, 1545, 1546] voru einnig ofan á vesturenda upphækkunarinnar norðan eldstæðisins [1548]. Um 40cm austan þess var svo stök pinnahola [1547]. Morknar viðarleifar og kol var að finna í nokkrum holanna. Erfitt var að greina hvort þær hafa verið áður en að gólfliðið [720] myndaðist eða að það hafi hlaðist upp á holunum. Staðsetning holanna passar við að teinungarnir í holunum hafi verið stoðir tengdar eldamennsku í eldstæðinu.

Níu grafir, [K48, K44, K46, K41,K45,K51, K36, K50] og [K47] skera leifar skálaveggjarins [1572] og fimm þeirra [K51,K44, K45, K36, K50] ná enn fremur inn í skálatóftina og eru grafin í gegn um rótaða torfliðið [711] sem fyllir niðurgröftinn.

Einbreið steinaröð lá út frá norðurenda grjóthleðslunnar í bekknum að því er virtist þvert yfir gólflið og hvarf inn í vestursniðið. Önnur samskonar steinaröð lá þvert yfir gólflið um metra norðan þeirrar fyrri. Vera kann að skálinn hafi verið stúkaður af en engar leifar stoða eða annarskonar vísbendinga um skilrúm fundust sem




*Mynd 27. Horft til suðurs eftir endilangri skálatóftinni. Eldstæðin eru nær á mynd og leifar grafar sem tekin var í gegn um torfþög í skálanum. Fjærst á mynd er setið upp við eystri skálavegginn Á myndinni má glöggjt sjá að skálinn hefur verið að hluta niðurgrafinn.*

hægt væri að tengja þessum steinaröðum.

Undir gröfum [K36 og K50] kom fram að því er virtist í skálagólfini hringlaga niðurgröftur [849] um 90cm í þvermál. Niðurgröfturinn lá inn undir eystri skálavegginn og líktist einna helst stoðarholu en var þó aðeins rétt um 15cm á dýpt. Fyllingin í holunni var laus rótaður jarðvegur en engar grjóthleðslur var að sjá þar. Ljóst var umhverfis grafir [K36 og K50] hafði skálavegnum og nokkuð af náttúrulegum bakkanum sem hann stóð á verið mokað í burtu og fannst hola [849] neðst í þessum niðurgreftri. Þegar könnunarskurður [564] var tekinn út frá vesturhlið kirkjugarðsveggjar kom í ljós grjótklaedd stoðarhola [944] upp við

vestri langvegg skálans, en hún var um metri að breidd að utanmáli. Þessi stoðarhola hefur legið beint á móti niðurgreftrinum [849]. Það virðist því líklegt að þarna hafi verið tvær samstæðar grjótklaeddar stoðarholur en grjótið hefur verið fjarlægt úr þeirri eystri [849] þar sem að komið hefur verið niður á það við gröft grafanna [K36 og K50].



Mynd 28. Teikning Eavan O'Dochartaigh..

## Gripir

Fáir gripir fundust við rannsóknina en það má að einhverju leyti kenna fundaraðstæðum þar sem að búið var að raska mjög jarðvegi, bæði í kirkjugarði og kumlateigi. Kumlunum sem fundust hafði verið raskað í fyrnsku auk þess sem mannvirkjum í kirkjugarði og bæjarstæði Keldudalsbæjar hafði verið rutt um og sléttæð úr þeim löngu fyrir aldamótin 1300. Ef ekki eru taldar með beinagrindur eru skráðir gripir rétt um 30, þar af eru 8 gripir úr kumlateignum. Gripirnir eru auðkenndir með fundanúmeri Þjóðminjasafnsins með skammstöfuninni Þjms, númeri rannsóknar sem var 38 og hlaupandi númeri. Nokkur hluti gripanna sem höfðu hlotið númer voru minni járnflísar og brot sem ekki var skilað inn sem gripum til Þjóðminjasafnsins og því vantar nokkur númer inn í gripaskrána.

## Kumlateigur

Í kumli nr. 2 fundust þrjár glerperlur í víkingaaldarstíl og nokkrir járbútar með áfostum viðarleifum. Perlurnar voru greindar af Elínu Ósk Hreiðarsdóttur í mastersritgerð hennar um íslenskar perlur á Víkingaöld og eru meðfylgjandi upplýsingar úr ritgerðinni. Perlurnar eru aldursgreindar til seinni hluta 9. aldar.<sup>9</sup>

Perla (þjms 2003-38-64) var núin glerperla með hryggjum, dökkleit eða fjólublá að lit. Hún var brotin og á þeim hluta perlunnar sem eftir er, eru 7 og

hálfur hryggur en hafa mögulega verið 8-9.<sup>10</sup> Samskonar perlur fundist á Norðurlöndum frá 915 og út 10. öld.<sup>11</sup>

Perla (þjms 2003-38-65) var snúin og skreytt glerperla blá og græn að lit. Hún var tvöföld en ekki blásin eins og aðrar



Mynd 29. Glerperlurnar þrjár sem fundust í kumli 2.

tvöfaldar perlur, heldur snúin og virðist era tvær perlur sem bræddar hafa verið saman. Perlan var skreytt hvítu bylgjumunstri. Hún er óvenjulegrar gerðar og mun einstök á Íslandi. Hún var í sæmilegu ásigkomulagi. Perlur af þessu tagi finnast fyrst 845, eru algengar 885-915 en finnast allt til 980.<sup>12</sup>

Perla (Þjms 2003-38-66) Illa farin glerperla í tveimur pörtum. Hún var dökkleit með gylltum blæ en annars var ekki hægt að greina nánar hvernig hún hefur verið á litinn eða hvort hún hefur

<sup>9</sup> Elín Ósk Hreiðarsdóttir 2005, I hluti mastersritgerðar, bls, 165.

<sup>10</sup> Elín Ósk Hreiðarsdóttir 2005, I hluti mastersritgerðar, bls, 165.

<sup>11</sup> Elín Ósk Hreiðarsdóttir 2005, II hluti mastersritgerðar, bls, 10.

<sup>12</sup> Elín Ósk Hreiðarsdóttir, úr II hluta mastersritgerðar hennar, bls. 31.

verið skreytt eða einlit en hún virðist þó hafa verið snúin.<sup>13</sup>



Mynd 30. Prír járbútar úr kumli 2. Mögulega tangi af hníf sem hefur verið með viðarksafti.

Járbútnar (Pjms 2003-38-68 og Pjms 2003-38-) voru brotnir og miklar útfellingar á þeim. Járbrotin eru fjögur og virðast þrjú þeirra heyra saman en óvist er um eitt. Brotin þrjú sem virðast heyra saman mynda um 13cm langt járnstykki sem mjókkar í annan endann. Á þeim endanum sem mjórri er eru viðarleifar sem bendir til að þetta geti verið leifar tanga af hníf eða öðru áhaldi sem gengið hefur inn í viðarskaft.

Í kumli 4 fundust tveir gripir, annarsvegar lítið ferhyrnt blýmet (Pjms 2003-38-67) eða lóð og hinsvegar klæðisprjónn úr beini með útskornu dýrshöfði. Met voru sett á metaskálar sem notaðar voru til að vega silfur, en það var helsti gjaldmiðill Víkingaaldar.<sup>14</sup>

Beinprjónninn (Pjms 2003-38-1) er í heildina 11cm langur og liggar dýrshöfuðið sem á enda hans langsum í framhaldi af prjóninum og er það 2cm langt. Hnakki dýrsins liggar við prjón endann en hausinn mjókkar fram á trjónuna. Gat í gegn um prjóninn myndar opinn skolt dýrsins sem lokaður er að framan með útskornum tönnum.

<sup>13</sup> Sama heimild, bls. 19.

<sup>14</sup> Sjá grein Kristínar Huldar Sigurðardóttur um haugfé í riti Þjóðminjasafnsins, *Hlutaveltu tímans*, frá 2004, bls. 72..

<sup>15</sup> McGregor, 1985, bls. 117.

Beinprjónar eru ekki óalgengir fundir í víkingaaldra samhengi erlendis, en samskonar prjónar með dýrshöfðum hafa meðal annars fundist við uppgröft í Jarlshofi á Hjaltlandseyjum.<sup>15</sup> Tveir líkir beinprjónar með dýrshöfðum hafa fundist hérlandis. Annar er skráður sem lausafundur frá Ymjubergi (Emmubergi) í Dolum, undir númerinu 11296 (þjms 1932-2) í gagnagrunni Þjóðminjasafns Íslands.<sup>16</sup> Árið 2004, ári eftir fund prjónsins í Keldudal, fannst svo samskonar dýrshöfuð af prjóni við uppgröft að Sveigakoti í Mývatnssveit.<sup>17</sup>

### Kirkjugarður og skáli

Í kirkjugarðinum komu flestir gripanna úr lagi 311 sem var rótað lag líklega tengt smiðjunni. Lagið lá ofarlega í garðinum, rétt undir H1300 gjóskunni. Gripir úr því er því ekki hægt að setja í samhengi við þau jarðög eða byggingar sem þau hafa upphaflega tilheyrt. Hluti þess sem í laginu fannst má tengja smiðjunni, gjallmolar, járn og bronsþynnur og mjóir bronspinnar, líklega til ýmissa viðgerða. Brot úr klébergssgrýtu (Pjms 2003-38-45) sem fannst hafði verið spengt með bronsvír e.t.v. samskonar bronspinnum og fundust í laginu. Grýtubrotið var um 8x7cm að stærð og nokkuð sótað eftir eld. Brotið hefur því upphaflega tilheyrt

<sup>16</sup> Michele Hayeur Smith 2003, bls.

<sup>17</sup> Orri Vésteinsson (ritstj.) 2004, bls. 49. Samantekt Colleen Batey um gripi frá uppgræftrinum.

potti sem líklega hefur verið notaður við



Mynd 31. Brot af viðgerðri klébergsgrýtu.

eldamennsku. Borað hafði verið í brotið á nokkrum stöðum og var brons í þremur holanna. Einnig fundust í laginu þrír grænir steinar (Pjms 2003-38-19, 28 og 31) sem hafa verið tálgaðir til og virðast hafa verið ófullkláraðir hnappar. Líttill snældusnúður (Pjms 2003-38-37), um 6cm að breidd fannst líka í laginu.

Fáir gripir fundust í gröfum og naglar fundust einungis í tveimur grafanna sem grafnar voru 2003, annarsvegar í ungbarnagröf með kistu [K46] og kistugröf fullorðins einstaklings [47] sem bein höfðu verið fjarlægð úr. Í gröf [K47] fannst einnig sérkennilegur þríhyrndur járngrípur (Pjms 2003-38-72) sem líkist mjög svokölluðum þríbroddum. Þríbroddar eru taldir vera mannbroddar af mjög fornri gerð og hafa þeir fundist víða í kumlum erlendis og eru nokkrir slíkir einnig til á Þjóðminjasafninu Íslands.<sup>18</sup> Engir naglar fundust í gröfum við uppgröftinn 2002 en nokkrir naglar fundust sem lausafundir. Vera kann að einhverjar grafir hafi árið 2002 innihaldið nagla en vegna slæmra uppgraftaraðstæðna er lítið hægt að fullyrða þar um.

Einnig fundust þrír vaðmálsbútar í gröf K12 vafnir utan um fótabein (bútarnir

eru ónúmeraðir í geymslu Þjóðminjasafnsins). Bútarnir voru kolefnisaldursgreindir og athyglisvert er að þeir reyndust vera frá 14. öld, um 300 árum yngri en beinin í gröfinni.<sup>19</sup> Ef til vill hafa beinin óvænt komið upp og þau svo vafin inn í klæðisbút og stungið aftur í gröfina. Erfitt er þó að fullyrða um það þar sem að grafan hafði hróflað við fótenda grafarinnar og því ekki öruggt hvort fótabeinin lágu í réttri stöðu í gröfinni.




Mynd 32. Príhyrninglaga járnstykkui sem fannst í gröf 47 sem hafði verið taemd. Líklega hluti svokallaðra þríbrodda sem er forn tegund mannbrodda. Hvort um er að ræða grip sem fylgt hefur þeim sem í gröfinni lá eða hefur tilheyrт þeim sem tæmt hafa gröfina er ekki hægt að fullyrða um.

<sup>18</sup> Kristján Eldjárn (2000), bls. 409-410.

<sup>19</sup> Sjá töflu yfir AMS greiningar aftar í skýrslunni.

Keldudalur 25.10.2002  
Suðursnið húsgrunns - gröf 34  
Teikn. P.Hj. GZ



Mynd 33. Teikning sem sýnið sniðið ofan við gröf nr. 34 sem kom í ljós í suðursniði grunnsins 2002.  
Teikn. Þór Hjaltalín.

Í skálatóftinni fannst nokkuð af dýrabeinum bæði brenndum og óbrenndum en fáir gripir. Eitt brýnisbrot var úr rótúðu torflagi úr veggjum og þekju [711] sem fylltu upp í tóftina og tveir litlir kögglar af það sem virðist vera járnrauði komu úr gólflaginu [720] í skálanum. Aðrir gripir fundust þar ekki.

Tvö brýni fundust við uppgröftinn, annað í ruslaholu [320] og hitt í torfrótinu [711] sem var inni í skálatóftinni. Tvö brýnisbrot (Pjms 2003-38-62 og 63) fundust í rótúðu yfirborðslagi og eru hér höfð með sérstaklega þar sem að frekari greining var gerð á þeim. Brýnið sem fannst í holunni var íslenskrar gerðar en hin eru öll af svokallaðri Eidsborg gerð sem virðist hafa verið ráðandi gerð á miðoldum hérlandis.<sup>20</sup>

### Listi yfir jarðlög

1. Grasrótt
2. Einsleitari mold með mannvist
3. Rótúð móóskublönduð mold
4. Móaska
5. Torfblandað lag
6. Fokmold með H1104 in situ
7. Fylling í gröf [K34]
8. Óhreyft
9. Beinagrind í gröf

### Aðrar rannsóknir í Keldudal

Sumrin 2007 og 2009 fóru svo á ný fram fornleifarannsóknir í tengslum við framkvæmdir í Keldudal. Ætlunin var að byggja við íbúðarhús ofan og suðaustan kirkjugarðsins, syðst í gamla bæjarhólnum, og því minja að vænta. Rannsókninni var stjórnað af Ragnheiði Traustadóttur fornleifafræðingi sem hefur með höndum úrvinnslu þeirra uppgrafta. Rannsóknirnar leiddu í ljós fjósbyggingu frá 9.-10. öld og íveruhús frá 11. öld sem líklega hefur verið bústaður þeirra sem í kirkjugarðinum liggja.

### Greiningar

Ýmsar sértækar greiningar voru gerðar á efnivið úr Keldudalskirkjugarði og kumlateigi en flestar tengdust þær greiningu mannabeina úr garðinum. Rannsóknin naut mjög góðs af því sérfræðingateymi sem var við störf við

<sup>20</sup> Sice Juel Hansen (2009), bls. 91, og óbirt greining á brýnum úr Keldudal.

Hólarannsóknina en auk þess fengust styrkir sem gerðu það kleyft að senda út sýni til kolefnisaldurs og DNA greininga mannabeina.

#### *Greining gjóskulaga*

Magnúsi Á Sigurgeirsson jarðfræðingur greindi gjóskulög í kirkjugarðinum og er umfjöllun um Keldudal hluti af skýrslu sem hann vann fyrir Hólarannsóknina 2003.<sup>21</sup> Þau gjóskulög sem helst eru notuð eru til aldursgreiningar fornleifa í Skagafirði eru úr Heklu H-1766, H-1300, H-1104, Vatnajökulsgjóska frá því um 1000 (Vj~1000) og svonefnd “Landnámssyrpa” (LNS) þar sem 2-3 dökk gjóskulög frá 7.-9. öld koma fyrir með stuttu millibili í jarðvegi.

Snið var mælt í suðurhluta kirkjugarðsveggjar. Gjóskulagið H-1300 lá óhreyft yfir torfinu í veggnum. Undir veggnum var þunnt dökkt gjóskulag, greint sem Vj~1000, sem að líklega var einnig óhreyft. Móöskublandin mold var á milli Vj~1000 og torfveggjarins sem bendir til að nokkur tími hafi liðið frá því að gjóskan fell og þar til kirkjugarðsveggurinn var hlaðinn. Hversu langur tíminn hefur verið er ekki gott að segja, en ljóst er þó að um er að ræða allmögur ár eða áratugi. Afstaða gjóskulaga benti til að kirkjugarðsveggurinn væri frá 11.-12. öld.<sup>22</sup>

Hinsvegar fór gjóskulagagreiningin fram þegar langt var liðið á uppgröftinn og afstaða grafa í garðinum gagnvart gjóskulögum því ekki skoðuð. Þegar kirkjugarðurinn kom í ljós haustið 2002 mátti greina grafirnar neðst í um tveggja metra háu jarðvegssniði sem hafði myndast við gerð húsgrunnsins. Starfsmenn Fornleifaverndar ríkisins

komu tvisvar á staðinn og teiknuðu upp sniðið, annarsvegar áður en uppgröfturinn 2002 fór fram en hinsvegar að honum loknum þegar framkvæmir voru hafnar en þá kom gröf fram í sniðinu. Á teikningunum má sjá að gjóskan frá 1104 lá yfir báðum gröfunum [K12 og K34]. Gröf [K12] lá fremur innarlega í garðinum en [K34] utarlega en báðar voru grafirnar í garðinum sunnanverðum. Það má því ætla að 1104 gjóskan hafi legið yfir stórum hluta grafa í kirkjugarðinum sunnanverðum sem gefur hugmynd. Gröf [K43] syðst í garðinum lá einnig undir 1104 gjóskunni.

#### *AMS aldursgreiningar og ísótópagreiningar*

Fyrir tilstilli styrks frá Kristnihátiðarsjóði gafst tækifæri til að aldursgreina fjölda sýna. Sýni voru tekin úr 20 beinagrindum til kolefnisaldursgreiningar (<sup>14</sup>C) og ísótópagreininga. Einnig voru tekin sýni úr hundsbeinum úr kumlateigi og klæðisbútum sem fundust vafnir utan um fótabein úr gröf nr. 12. Greining sýnanna fór fram í AMS aldursgreiningarstöð Árósaháskóla undir stjórn Jan Heinemeier og Árnýjar Sveinbjörnsdóttur. Niðurstöður mælinganna eru í fylgiskjölum aftast í skýrslu.


Niðurstöður <sup>14</sup>C mælinganna studdu það sem gjóskulagagreining hafði bent til, að garðurinn væri að stærstum hluta frá því um og fyrir aldamótin 1100.<sup>23</sup> Hinsvegar var athyglisvert að AMS greiningarnar sýndu yngri aldur tveggja beinagrinda sem sannanlega lágu undir H1104 gjóskunni (grafir K12 og K43). Í báðum tilfellum hinsvegar lágu vikmörk nokkurn veginn jafnt báðu

<sup>21</sup> Magnús A Sigurgeirsson (2003).

Gjóskulagarannsóknir í Skagafirði 2003. Óbirt skýrsla, bls. 1.

<sup>22</sup> Sama heimild, bls. 1.

<sup>23</sup> Magnús Á. Sigurgeirsson 2003.



Mynd 34. Tafla sem sýnir tímadreifingu sýna úr kirkjugarðinum í Keldudal. Aldur sýnanna er gefinn upp með nokkrum skekkjumörkum en með því að tengja saman niðurstöður gjóskulagagreiningar og C14 niðurstöðurnar verða niðurstöðurnar nákvæmdari. Langflestir grafanna eru frá því fyrir 1100 og nokkrar jafnvel frá því um 1000. Taflan er birt með góðfúslegu leyfi Dr. Jan Heinemeier.

megin við 1100 línuma þannig að grafirnar gætu allt eins verið frá 11. öld.

Fjórar grafir (K20,K45 K15 og K29) virðast hinsvegar geta náð inn á 12. öldina. Nokkur sýnanna gáfu einnig háan aldur. Beinagrindur í gröfum K22,K13,K28,K51,K42 og K50 eru allar frá því um 1000 og eru efri aldurmörk frá því fyrir miðja 11. öld. Aldur annarra grafa er óljósari þar sem að þær virðast geta fallið hvoru megin sem er við 1100 línuma. Hinsvegar fundust hvergi ummerki um að grafir væru teknar í gegn um H1104, og gjóskan var ekki í graffyllingum nema í tveimur grafanna (K47 og K 36) sem einhöfðu verið fjarlægð úr. Ekki er


hægt að fullyrða með vissu um allar grafir 2002 vegna uppgraftarskilyrða.

Einnig var mælt magn kolefnisísótópanna  $^{13}\text{C}$  og  $^{12}\text{C}$ . Mismunandi magn þessara kolefna í beinum manna gefur hugmyndir um fæðuval þar sem hlutfall þeirra breytist eftir því hvort sjávarfang eða afurðir landdýra hafa verið uppistaða í fæðuvali. Þetta gefur mikilvægar upplýsingar um land- og umhverfisnýtingu manna til forna. Greiningin<sup>24</sup> leiddi í ljós að sjávarfang hefur að meðaltali verið um 20% af fæðu Kelddælinga á 11. öld sem er sambærilegt við samskonar mælingar sem

<sup>24</sup> Sýnin voru greind í AMS greiningarstöð Árósaháskóla og hafði dr. Jan Heinemeier yfirumsjón með verkinu en dr. Árný

Sveinbjörnsdóttir aðstoðaði við töku sýnanna hér á landi.

### Keldudalur humans + dog



Mynd 35. Mynd sem sýnir magn C-13 kolefnissamsæta í beinum frá Keldudal og Skeggjastöðum í Bakkafirði. Á efri lágréitta ásnum er prósentutala sjávarfangs í fæðu Auk sýna úr mannsbeinagrindum var tekið sýni úr hundsbeini í kumlateignum og reyndist mun hærra hlutfall sjávarfangs í mataræði hans en mannfólkssins. Slikt mun ekki óalgengt þar sem hundar fengu gjarnan að éta sem til fél. Birt með góðfúslegu leyfi Dr. Jan Heinemeier.

gerðar hafa verið á beinum Íslendinga frá sama tíma.<sup>25</sup> Mataræði eins einstaklings innihélt um 10% sjávarfang, hjá tveimur einstaklingum var hlutfallið með 10-15%, níu voru með 15-20% og 6 voru með yfir 20%. Tveir einstaklingar skera sig úr, sjávarfang virðist einungis hafa verið um 9% af fæðu karlmanns í gröf 11 en um 43% af fæðu karlmannsins í næstu gröf.

Í kumlateignum voru tekin sýni úr þremur beinagrindum, úr kumli 1, kumli 3 og kumli 4. Aldursgreiningarnar bentu til að kuml 1 hafi verið elst,

líklega frá 9. öld. Kumli 3 var frá 10. öld og en kuml 4 var yngst frá seinni hluta 10. aldar. Prósenta sjávarfangs var svipuð í kumli 1 og 2 annarsvegar 14% en hinsvegar 13%. En hjá konunni í kumli 4 hefur sjávarfang hinsvegar verið um 23% fæðunnar.

#### DNA greiningar

Kristniháttarsjóður veitti styrk til DNA greininga beina úr kirkjugarði og kumlateigi. Tekin voru sýni úr sjö beinagrindum til greiningar á mögulegum erfðatengslum þeirra sex úr

<sup>25</sup> Sjá umfjöllun um verkefnið í grein Árnýjar Sveinbjörndsdóttir ofl.frá 2010.

Haplótýpur	Tíðni á Íslandi	Tíðni á Írlandi	Tíðni á Norðurlöndunum
<b>H</b>	28,27	41,41	39,69
<b>J2</b>	1,28	0,78	0
<b>J</b>	6,85	11,72	6,82
<b>K1</b>	2,36	0,78	0,47
<b>H5</b>	0,43	0	0,62

Tafla 1. sem sýnir haplótýpur fimm einstaklinga úr Keldudalskirkjugarði. Í dálknum lengst til vinstri má sjá haplótýurnar sem greindar voru. Engar þeirra voru eins þannig að ekki var hægt að greina skyldleika milli einstaklinganna. Í næstu þremur dálkum er tilnái sömu haplótýpa í á Íslandi, Írlandi og Norðurlöndunum. Eftir töflu í skýrslu Margrétar Ástu Kristinsdóttur og Jørgens Dissing um niðurstöður DNA greininganna.

kirkjugarðinum og einni úr kumlateignum. Mælingarnar voru framkvæmdar á réttarmeinadeild Kaupmannahafnarháskóla undir stjórn Jørgens Dissing en sýnsýnatakan og úrvinnsla sýna var gerð af Margréti Ástu Kristinsdóttur, nema við deildina.


Sýnatakan fór þannig fram að tennur voru teknar úr sex einstaklingum úr kirkjugarðinum og einum kumlateignum og borað í tannrótina til að freista þess að ná DNA (aDNA eða fornu DNA) úr þeim. Hægt var að einangra DNA úr öllum beinagrindunum í kirkjugarðinum en eitt sýnanna úr kirkjugarðinum og sýnið úr kumlateignum gáfu ekki niðurstöður. Velja þurfti tennur með heilum glerungi og byggðist úrtakið sem valið var fremur á gæðum tanna en því hvaða einstaklingar teldust heppilegasta rannsóknarefnið. Hinsvegar fengust niðurstöður úr fimm beinagrindunum úr kirkjugarðinum sem telst mjög gott. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til að Kelddælingarnir hafi getað rakið uppruna sinn til norrænnar manna og kelta, líkt og sýnt hefur verið fram á í

öðrum rannsóknum á erfðaefni Íslendinga. Enginn skyldleiki fannst hinsvegar milli þeirra fimm einstaklinga sem hægt var að DNA greina. Sú greining sem hér var gerð nær þó einungis til skyldleika í gegnum móður og því kunna einhverjur þessara einstaklinga að hafa verið skyldir í karllegg.<sup>26</sup>

#### Dýrabeinagreiningar

Dýrabeinafræðingarnir Jeppe Möhl, Knud Rosenlund og Kim Aaris Sørensen frá Kaupmannahafnarháskóla greindu dýrabein úr kirkjugarðinum og kumlateignum. Vegna fundaraðstæðna var beinasafnið fremur takmarkað. Þar sem grafirnar í garðinum voru teknar í gegn um hluta skálans og nærumhverfi hans var nokkuð af dýrabeinum í graffyllingum og uppmokstri upp úr gröfum og öðrum rótuðum jarðlögum. Þau bein sem hægt var að greina úr einstökum jarðlögum voru beinin úr kumlunum og bein sem fundust í gólfí [720] og við stærra eldstæðið [752] í skálanum. Úr gólfí skálans [sýni nr. 747] komu tvö bein og var einungis annað þeirra greinanlegt og reyndist úr

<sup>26</sup> Sjá skýrslu Margrétar Ástu Kristinsdóttur og Jørgens Dissing 2006, bls. 8-9.



Tafla 2. Stólparit sem sýnir hlutfall einstakra tegunda í dýrabeinasafninu. Eftir greiningu dýrabeinafræðinganna Jeppe Möhl, Knud Rosenlund og Kim Aaris Sørensen.

nautgrip. Úr eldstæðinu komu hinsvegar 37 beinhlutar og nokkur heil bein og reyndust þau flest úr sauðfé/geitfí (12), en einnig nautgripum (9) og þrjú bein voru úr hrossi. Önnur bein í eldstæðinu voru ekki greinanleg til tegundar.

Önnur bein úr kirkjugarðinum komu meðal annars úr fuglum, svínnum og fiskum en þar sem lítið var fleytt af sýnum er líklega of lítið af smærri beinum, svo sem úr fiski, í beinasafninu.

Beinin úr kumlunum komu úr kumli 2 þar sem fannst hluti hundsbeinagrindar og stök tönn úr sauðkind. Eins og áður er sagt frá reyndust beinin úr háfættri hundategund en óvist er hvort að kindatönnin sé úr gröfinni eða að hafi borist þangað þegar grafið var ofan í hana til forna. Í kumli þrjú fundust svo nokkur bein úr lágfættum hundi. Báðir hafa hundarnir verið fullvaxnir þegar

þeir voru lagðir til með eigendum sínum.

#### *Greiningar á járni úr smiðju*

Sýni úr járni úr smiðju voru greind hjá rannsóknardeild þjóðminjavörlunnar í Svíþjóð undir stjórn Dr. Magnúsar Hellqvist. Sýnatakan benti til að um væri að ræða gjall sem fellur til vegna venjulegra járnsmíða en að frumvinnsla járns hafi ekki farið fram á staðnum.<sup>27</sup> Gjallið var tekið úr meintu smiðjugólfí [451] og í því var einnig nokkuð af brenndum beinum sem líklega hefur verið bætt í eldiviðinn við bræðslu járnsins til að auka gæði þess.<sup>28</sup>

#### *Viðargreiningar*

Viður úr kirkjugarði og gröfum var greindur af Lísabetu Guðmundsdóttur fornleifafræðingi en hún greindi við úr öllum Keldudalsuppröftum. Greiningin leiddi í ljós að viður sem varðveist hafði úr kirkjunni reyndist úr lerki og furu eða greni. Hvorug tegundanna finnst hérlendis en lerkið er upprunnið í

<sup>27</sup> Lena Grandin ofl. 2003 Järnhantering på norra Island, bls. 3.

<sup>28</sup> Sama heimild, bls. 5.

Síberíu og er því hingað komið sem rekaviður. Fura og greni kunna einnig að vera rekaviður en þó er

á uppruna og ferðum landnámsmanna.<sup>30</sup> Beinagrindin úr kumli 4 var af yngri konu en úr kumli 1 var beinagrind eldri

Fundareining	Tegund	Gerð sýnis
Kirkja stoðarhola	Lerki	Stoð [848]
Kirkja aurstokkur [	Fura	Aurstokkur [366]
Spýta úr skálagólfí	Ógreinanlegt	Gól [720]
Gröf 7	Lerki   Fura   Greni	Kista
Gröf 8	Lerki	Kista
Gröf 9	Lerki   Greni   Fura	Kista
Gröf 11	Lerki	Kista
Gröf 12	Fura	Kista
Gröf 12	Fura	Kista
Gröf 22	Fura	Kista
Gröf 36	Birki	Kista
Gröf 37	Ógreinanlegt	Ógreinanlegt
Gröf 37	Birki	Kol
Gröf 4	Lerki   Greni	Brenndur viður
Gröf 44	Ógreinanlegt	Kista
Gröf 45	Fura	Kista
Gröf 45	Fura	Kista
Gröf 46	Eik	Kistta
Gröf 47	Skógarfura	Líkkistunaglar
Gröf 48	Ógreinanlegt	Kista
Gröf 51	Ógreinanlegt	Kista
Gröf 52	Lerki   Fura   Greni	Kista

Tafla 2. Viður sem greindur hefur verið úr kirkjugarðinum í Keldudal. Eftir töflu í skýrslu Lísubetar Guðmundsdóttur um viðargreiningu í Keldudal.

ekki útilokað að þær tegundir hafi verið innfluttar líka. Í líkkistunum hefur að stærstum hluta verið notast við lerki og furu en ein kistnanna var úr birki og ein kista í ungbarnsgröf reyndist úr eik.<sup>29</sup>

Niðurstöðurnar benda því til að kirkja og kistur kunni að stóru leyti að hafa verið úr rekaviði, en þó verður að hafa þann fyrirvara á að einungis líttill hluti meintrar kirkju var varðveittur.

#### Stontíumgreiningar

Auk kolefnisaldurs- og ísótópagreininganna voru sýni tekin til greininga á strontíumsamsætum úr tönnum beinagrindanna úr kumli 1 og kumli 4. Greiningin var hluti af stærri rannsókn

konu. Sýni tekin úr báðum til kolefnisaldursgreiningar og greiningar á strontíumsamsætum sem gefur vísbindingar um hvaðan einstaklingur er upprunninn. AMS aldursgreiningin benti til að eldri konan hefði verið jörðuð einhvern tímann um eða eftir aldamótin 900 en sú yngri um eða eftir miðja 10. öld. Niðurstöður strontíumgreiningarinnar bentu til þess að eldri konan hefði líklega komið erlendis frá en sú yngri hefur verið fædd á Íslandi.<sup>31</sup> Enn á eftir að greina nánar hvert upprunaland eldri konunnar er. Vera kann að hún hafi verið ein landnámsmanna í Keldudal en sú yngri sé fædd þar og uppalin.

<sup>29</sup> Lísabet Guðmundsdóttir 2013, bls,07.

<sup>30</sup> Fjallað er um rannsóknina í grein Douglas Price og Hildar Gestsdóttur 2006.

<sup>31</sup> Hildur Gestsdóttir, skv. samtali í september 2007.



Mynd 36. Jan Heinemeyer við sýnatöku fyrir AMS aldursgreiningarnar.

### Mannabeinagreiningar

Umfangsmestu greiningarnar voru greiningar mannabeina úr garðinum og er það efni annarrar skýrslu.<sup>32</sup> Beinagreining var unnin af Guðnýju Zoëga, mannabeinafræðingi hjá Byggðasafni Skagfirðinga. Einnig hefur farið fram frekari fornmeinafræðileg greining beinasafnsins og er hún unnin í samstarfi við Dr. Kimmarie Murphy fá Kenyon College í Ohio, Bandaríkjunum. Hún hefur einnig haft yfirlumsjón með sýnatöku vegna rannsóknar á tannsteini úr Keldudals-safninu. Tekin voru sýni úr tannsteini nokkurra beinagrinda í safninu og þau send mannfræðideild Kenyon háskóla í Ohio, Bandaríkjunum. Rannsóknin fór fram undir stjórn Kimmarie og Dr. Bruce Hardy.

Beinasafnið hefur einnig verið notað sem efniviður í rannsóknarritgerðir. Cecilia Collins doktorsnemi við Reading háskóla gerði rannsókn á ummerkjum eyrnabólgu í beinagrindum úr Keldudal í tengslum við doktorsverkefni sitt sem enn er í vinnslu. Elisabeth Jeffries notaði ungbarnameinagrindur úr garðinum í mastersritgerð sinni við Sheffield háskóla um aðferðir við mögulega kyngreiningu ungbarna.<sup>33</sup> Erna Jóhannsdóttir nemi í Cambridge háskóla notaði svo beinasafnið í masters rannsókn sinni á atferlistengdum breytingum á beinum<sup>34</sup>.

<sup>32</sup> Skýrslan er í vinnslu og ber heitið greining mannabeina úr kikjugarði og kumlateigi í Keldudal, Skagfirði.

<sup>33</sup> Jeffries 2011.

<sup>34</sup> Erna Jóhannsdóttir 2009.

## Umfjöllun og samantekt

Niðurstöður rannsóknanna benda til að byggð hafi verið samfelld í Keldudal frá því um eða skömmu eftir landnám fram á 13. öld, þótt ritheimildir geti jarðarinnar að engu fyrr en í lok 13. aldar. Elstu minjar um byggð í Keldudal eru leifar skála frá 10. öld og heiðnar grafir a.m.k. fjögurra manna. Frekari uppgröftur í Keldudal sumurin 2007 og 2009 staðfestu að bærinn sem kirkjugarðurinn tilheyrði lá austan og eilítið ofan garðsins. Ljóst er að bæjarstæðið hefur verið flutt þangað þegar skálabyggingin, sem fannst undir kirkjugarðinum, var lögð af. Hugsanlegt er að byggð í Keldudal hafi lagst af um eða fyrir 1300, a.m.k. tímabundið, en annars virðist sem bærinn hafi staðið á sama stað allt fram á 20. öldina.

### Fasi I – kuml og skáli

Elstu minjarnar sem fundust voru leifar skálans og grafirnar sem hafa geymt íbúa hans. Leifar fjögurra kumla sem fundust um 500m norðan Keldudalsbæjar við jarðvegsframkvæmdir 2003 hafa vísast verið hluti stærri kumlateigs. Hluti hans hefur horfið við framkvæmdirnar en einnig má reikna með að fleiri kuml kunni enn að leyhnast í túninu skammt undir yfirborði. Í framhaldi af fundi kumlateigsins ákváðu bændur að hætta við frekari jarðvegsvinnu í hólnum þar sem hann lá og er þar nú slétt hæð í túninu.

Beinagindurnar, úr kumlum 1 og 4, voru báðar af konum en bein úr kumlum 2 og 3 voru of illa farin og fá til að hægt væri að greina þau frekar. Konan sem legið hefur í kuml 1 hefur verið landnámsmaður í Keldudal þar sem að hún var uppi á 9. öld og hefur komið

hingað erlendis frá. Konan í kumli 4 reyndist hinsvegar fædd hérlendis og hefur líklega verið ein þeirra síðustu sem heygðir hafa verið í kumlateignum, rétt fyrir aldamótin 1000.

Hróflað hefur verið við a.m.k. tveimur kumlanna til forna en þekkt er að haugar heiðinna manna hafi verið rofnir e.t.v. í leit að verðmætum sem menn hafa ætlað að lögð hefðu verið með kumlbúnum. Þetta kann að vera tilfellið í kumli 4 en voru bein öll úr lagi færð. En ef svo hefur verið hafa tveir gripir farið framhjá haugbrjótum, blýmetið og beinprjónninn. Kuml 2 virðist hinsvegar hafa verið tæmt að mestu af beinum, í það minnsta er erfitt að ímynda sér hvernig einungis örfá bein hefðu getað varðveisit úr beinagrindinni. Í kirkjugarðinum vestanverðum er að finna gröf (K50) sem í var trékista og bein sem lágu í hrúgu vesturenda grafarinnar. Lega beinanna virtist benda til að þau hefðu verið lögð niður í poka og síðan í gröfina fremur en að grafið hafi verið ofan í kistuna og bein verið færð til. Kolefnisaldursgreining gaf til kynna að þetta væri ein elsta grófin í garðinum, frá því um 1000. Hvort að þessar tvær grafir tengjast verður að sjálfsögðu ekki fullyrt en það er freistandi að íhuga þann möguleika að bein kunní að hafa verið flutt úr kumlateigi í kirkjugarð

Fáir gripir fundust í kumlunum og engir þeirra lágu á upprunalegum stað. Allir eru gripirnir dæmigerðir fyrir góss sem lagt var í heiðnar grafir. Tveir gripirnir voru þó óvenjulegir. Ein glerperlnanna var mjög sérstakrar gerðar, sú eina sinnar tegundar sem fundist hefur hérlendis.<sup>35</sup> Beinprjónninn með útskorna dýrshöfðinu er einn þriggja slíkra sem fundist hafa hérlendis, þó svo að slíkir prjónar hafi fundist víða

<sup>35</sup> Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2005, II hluti, bls. 31.

erlendis í Víkingaaldar samhengi. Háfætti hundurinn í kumli 2 gæti einnig hafa verið nokkuð fágaeti þó svo að nýlegar rannsóknir á kumlum gefi til kynna að ýmsar tegundir hunda megi þar finna.<sup>36</sup>

Á 9. eða 10. öld, hefur skálabygging verið reist í Keldudal. Óvist er enn um hversu löng þessi bygging hefur verið en hún hefur verið um 5m breið að innanmáli. Byggingin lá norður-suður og voru um 12m hennar innan kirkjugarðsins og voru því rannsakaðir 2003. Skálinn hefur legið neðst í aflíðandi brekku og var austur langhlið hans grafin um 50cm niður í náttúruleg jarðlög og austur langveggur skálans reistur ofan á bakkanum þannig að grundvöllur veggjarins lá um 50cm ofan við skála gólfíð. Vestur langveggur hefur hinsvegar verið reistur nokkurn veginn í gólfhað. Veggirnir hafa að mestu verið hlaðnir úr gulleitu torfi sem í var mikið af H3 gjóskunni. Þó var einnig rauðleitt myrrartorf í hluta vesturveggjar. Veggurinn hefur verið hlaðinn þannig að veggleðslan hefur verið tvöföld, klömbruhnausar hafa verið lagðir niður með metra millibili og fyllt á milli með rótuðu torfi og jarðvegi.

Sá hluti skálans sem grafinn var virtist af klassískri gerð. Upp við austurhlið sunnanvert hafa verið set eða bekkir en ekki var hægt að greina samskonar bekki við vesturhlið þar sem að sú hlið lá utan kirkjugarðsins og var því ekki grafin. Sökum niðurgraftar nyrst á svæðinu var ekki hægt að rekja austur langvegg alla leið í gegn um kirkjugarðinn. Þó virðist líklegt að veggurinn hafi náð lengra til norðurs því annars hafa eldstæðin tvö í miðju gólfí verið við norður skammvegg hússins. Uppmokstur tengdur grófum í 11. aldar kirkjugarðinum hafði skemmt

hluta austurveggjar skálans og gólfins austan eldstæðisins en engin set virðast hafa legið vestan eldstæðanna.

Stærra eldstæðið hefur verið í miðju gólfí en steinar í því virtust nokkuð úr lagi gengnir. Í eldstæðinu voru móaska, kol og brennd bein. Minna eldstæði lá fast norðan þess stærra en umhverfis það fundust holur, svokallaðar pinnaholur, undan viðarteinungum sem líklega hafa borið uppi potta eða önnur ílát til eldunar. Pinnaholurnar lágu í og við það sem virtist vera veggstubbur, stabbi eða upphækkun einhverskonar sem virtist úr óhreyfðum náttúrujarðvegi. Þessi upphækkun hefur þá verið skilin eftir þegar austurhlið skálans var grafin niður. Í fyrstu var talið að upphækkunin kynni að vera undirstaða norður skammveggjar byggingarinnar en í ljós komu pinnaholur sem lágu ofan á henni og virðist sem að hún hafi frá upphafi haft einhvern tilgang í tengslum við eldstæðin. Í lok 10. aldar eða í rétt um aldamótin 1000 hefur skálinn verið aflagður og bærinn endurbyggður ofar í brekkunni. Á sama tíma, eða skömmu síðar hefur verið byrjað að grafa í kirkjugarðinum.

## Fasi II – kirkjugarður og kirkja

Kirkjugarðsveggurinn var heillegasta mannvirkið í fasa II en greinilegt er að honum hefur verið rutt um og var nokkuð torfrót úr honum innan garðsins en ekki síður austan hans á svæði sem ekki var grafið frekar. Í neðri hluta garðs var torf sem ekki var í hvíta gjóskan frá 1104 en efst í honum voru greinilegir hnausar með þykkum linsum af gjóskunni. Undir garðinum lá svo óhreyfð gjókska frá því um 1000. Það var því ljóst að garðurinn hefur verið reistur á fyrri hluta 11. aldar en endurbyggður a.m.k. einu sinni á 11. öld. Hann virðist aflagður nokkru fyrir 1300 og þá hafði

<sup>36</sup> Rúnar Leifsson, Skv. tölvupósti 01.04.2013.

verið sléttar úr honum. Þykk rótuð torf, móösku og ruslalög voru innan garðsins og var nokkuð erfitt að greina á milli þeirra að öðru leyti en að neðsti hluti þeirra lá undir kirkjugarðsvegginn og hefur því ótvírætt tilheyrt sama tímaskeiði og skálinn.

Þó svo að kirkjugarðsveggurinn hafi ekki verið reistur fyrr en einhverjum árum eftir aldamótin 1000 virðist hafa verið byrjað að grafa í kirkjugarðinum um það leyti. Elstu grafirnar í garðinum eru frá því rétt um aldamótin 1000 og ekki er hægt að útiloka að sumar þeirra kunni jafnvel að vera eldri þó svo að ekki sé hægt að fullyrða þar um.

Fyrir miðum garði hefur verið reist kirkja af svokallaðri stólpakirkjugerð, líklega að mestu úr rekaviði. Tvö byggingastig voru mögulega greinanleg en svæðið var of skemmt af vinnuvélum til að hægt væri að stað staðfesta það með vissu. Engin ummerki voru um að torf væri notað til hlífðar veggjum og grafirnar virðast hafa legið þétt upp að veggjunum.

Rétt um 60 manns hafa verið jarðsett í garðinum á um 100-120 ára tímabili. Þar af hafa flestir, um 70%, verið jarðsettur í viðarkistum sem gerðar hafa verið úr rekaviði og/eða innfluttum viði. Kirkjugarðurinn var kynskiptur og lágu konur norðan við miðju garðs, vestan norðan og austan kirkjunnar. Karlmann lágu að sama skapi sunnan megin. Fjöldi karla og kvenna í garðinum var nokkurn veginn sá sami.<sup>37</sup>

Flestir grafanna nær kirkjunni voru kistugrafir en kistulausar grafir voru flestar yst í garðinum. AMS aldursgreiningar virtust ekki benda til að grafir utanvert í garðinum væru yngri en aðrar grafir og því er ekki líklegt að kistuleysið sé til komið vegna breytinga á greftrunarsiðum. Hinsvegar kann að

